

ÁR 1912, mánudaginn 15. júlí var hið 23. löggefandi alþingi Íslendinga sett í Reykjavík. Þingið var hið 4. aukaping með löggjafarvaldi. Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12 á hádegi og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Steig Magnús Andrjesson prófastur, þingmaður Mýramanna, í stólinn og lagði út af Postulasögunni 1. kap. 6.—8 v.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar. Gekk ráðherra Íslands, Kristján Jónsson, til forsetasætis og ávarpaði þingið svofeldum orðum:

„Síðan er alþingi kom síðast saman í þessum sal, hefir sá atburður orðið, sem varpað hefur skugga sorgarinnar yfir hvert eitt heimili á þessu landi, þar sem er hið sviplega fráfall konungs vors, Friðriks hins áttunda. Dagar ríkis hans voru ekki margir, eftir því sem jafnaðarlega er talið, aðeins 6 ár, en á þessum stutta tíma auðnaðist honum að ná þeim tókum á hjörtum Íslendinga, sem enginn konunga vorra fyr hefir náð. Þetta var og að verðleikum. Hinn látni konungur hafði aflað sér meiri þekkingar á Íslandi, hinni íslenzku þjóð og íslenzkum málum yfirleitt, en nokkur annar danskur maður, er eg hef haft kynni af, og þessari þekkingu var samfara góðvilji hans til lands og þjóðar, er var allveg óvenjulegur og lýsti sér í hvivetna. Hvert eitt íslenzkt mál lét hann til sín taka, og hann lagði kapp á að hrinda hverju voru máli fram á þann veg, sem oss mátti fremst að gagni verða. Hon-

um var það vissulega áhugamál, og það var einbeittur vilji hans, að styðja og efla allt það, er til framfara horfði fyrir þessa þjóð og þetta land. Fyrir því er missir vor svo mikill, þar er vjer mistum hans. En það vekur oss jafnframt gleði að minnast hins góða konungs. Vér fögnum því, að konungsstjórn hans verður jafnan til eftirdæmis fyrir eftirmenn hans, fögur og gagnsamleg fyrirmynd fyrir þá. Minning hins lofsæla konungs mun lengi lifa í hjörtum Íslendinga.“

Þingmenn stóðu upp úr sætum sínum og hlýddu á þessa tölu standandi.

Síðan las ráðherra upp eftirfylgjandi konungsbréf:

Vjer Friðrik hinn áttundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allramildilegast ákveðið, að alþingi skuli koma saman til aukafundar mánudaginn 15. júlí þ. á., og viljum Vjer um þingtímann allramildilegast kveða svo á, að alþingi megi ekki setu eiga lengur en 6 vikur.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, skipum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur kaupstaðar, og verður þar þá sett alþingi, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaltuborg 6. maí 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

Christian krónprinz.

(L. S.) Kristján Jónsson.

Opið bréf, er stefnir saman alþingi til aukafundar 15. júlí 1912.

Vjer Christian hinn tíundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Um leið og Vjer hjer með veitum yður, sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland, umboð til þess í Voru nafni að setja alþingi það, er koma á saman til aukafundar mánudaginn 15. júlí næstkomandi, viljum Vjer, jafnframt og þingið við þetta tækifæri kemur saman í fyrsta skifti eftir lát Vars ástsæla föður, Friðriks konungs hins áttunda, fela yður að bera fulltrúum Vorrar íslensku þjóðar á alþingi Vora konunglegu kveðju.

Það er örugg von Vor, að Oss auðnist að taka höndum saman við fulltrúa þjóðarinnar til samhuga starfs fyrir land og lýð, og að það trúnaðarsamband milli konungs og þjóðar, er tengdi föður Vorn ástkæran svo nánnum böndum við Íslendinga, megi ljetta þetta starf og með guðs hjálp veita Oss krafta og þrek í Vorri ábyrgðarpungu konungstöðu. Vjer hugsum með gleði til þess, að þetta trúnaðarsamband megi styrkiast enn betur, er Oss veitist tækifæri til að sækja Ísland heim.

Ritað á Amaltuborg 14. júní 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.) Kristján Jónsson.

Til

herra Kristjáns Jónssonar, kommandörs

af dannebrog. Vars ráðherra fyrir Ísland.

Lýsti þá ráðherra því yfir, að alþingi Íslendinga væri sett.

Stóð þá upp Sigurður Stefánsson, þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar, og mælti: Lengi lifi konungur vor Kristján hinn tíundi, og tóku þingmenn undir það með niföldu húrri.

A.

Konungkjörnir þingmenn:

1. Júlíus Havsteen.
2. Eiríkur Briem.
3. Ágúst Flygenring.
4. Steingrímur Jónsson.
5. Stefán Stefánsson.
6. Björn Þorláksson.

B.

Þjóðkörnir þingmenn.

- Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
 Bjarni Jónsson, þm. Dal.
 Björn Jónsson, þm. Barð.
 Björn Kristjánsson 1. þm G.-K.
 Eggert Pálsson, 2. þm. Rang.
 Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
 Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
 Guðlaugur Guðmundsson, þm. Ak.
 Halldór Steinssen, þm. Snæf.
 Hannes Hafstein, 2. þm. Eyf.
 Jens Pálsson, 2. þm. G.-K.
 Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.
 Jón Jónatansson, 2. þm. Árn.
 Jón Jónsson, 2. þm. Rvík.
 Jón Magnússon, þm. Vestm.
 Jón Ólafsson, 2. þm. S.-Múl.
 Jósef Björnsson, 2. þm. Skgf.
 Kristján Jónsson, þm. Borgf.
 Lárus H. Bjarnason, 1. þm. Rvík.
 Magnús Andrjesson, þm. Mýr.
 Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.
 Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.
 Þjetur Jónsson, þm. S.-Þing.
 Sigurður Eggerz, þm. V.-Sk.
 Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
 Sigurður Stefánsson, þm. Ísaf.

Skúli Thóroddsen, þm. N.-Ísf.
 Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
 Tryggvi Bjarnason, 2. þm. Húnv.
 Valtýr Guðmundsson, þm. Seyðf.
 Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.
 Þorleifur Jónsson, þm. A.-Skafft.
 Tveir þingmenn voru ókomnir:
 Einar Jónsson, 2. þm. N.-Múl. og
 Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.

Kvaddi þá ráðherra Júlíus Havsteen, 1. konungkjörinn þingmann, sem var elztur þingmanna, til að taka forsetasæti og stýra prófun kjörbrjefa og kosningu forseta. Tók hann sjer til aðstoðar Jón Magnússon, þingmann Vestmannaeyinga og Sigurð Stefánsson, þingmann Ísafjarðarkaupstaðar.

Þá var öllum þingmönnum skift í 3 deildir til að prófa kjörbrjef nýkosinna og nýskipaðra þingmanna, og urðu þessir þingmenn í hverri deild:

1. deild.

Björn Jónsson,
 Eiríkur Briem,
 Guðjón Guðlaugsson,
 Hannes Hafstein,
 Jóhannes Jóhannesson,
 Jón Jónatansson,
 Matthías Ólafsson,
 Ólafur Briem,
 Skúli Thóroddsen,
 Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.,
 Steingrímur Jónsson,
 Þórarinn Jónsson,
 Þorleifur Jónsson.

2. deild.

Ágúst Flygenring,
 Benedikt Sveinsson,
 Bjarni Jónsson,
 Björn Þorláksson,
 Guðlaugur Guðmundsson,
 Jens Pálsson,
 Jón Jónsson 2. þm. Rvk.,
 Jósef Björnsson,
 Júlíus Havsteen,
 Lárus H. Bjarnason,
 Sigurður Eggerz,

Sigurður Sigurðsson.
 3. deild.

Björn Kristjánsson,
 Eggert Pálsson,
 Einar Jónsson, 1. þm. Rangv.,
 Halldór Steinssen,
 Jón Magnússon,
 Jón Ólafsson,
 Kristján Jónsson,
 Magnús Andrjesson,
 Pjetur Jónsson,
 Sigurður Stefánsson,
 Stefán Stefánsson, 5. kgk.,
 Tryggvi Bjarnason,
 Valtýr Guðmundsson.

Deildirnar gengu síðan burt úr salnum til að sinna störfum sínum, og var fundi frestað á meðan. Að nokkrum tíma liðnum komu deildirnar aftur í salinn og var fundi haldið áfram. Framsögumenn kjörbrjefadeildanna skýrðu því næst frá árangrinum af rannsóknum sínum á þessa leið:

Steingrímur Jónsson (framsögum. 1. kjörbrjefadeildar): Fyrsta kjörbrjefadeild hefur haft til meðferðar 13 kjörbrjef úr 3. deild, og hefur ekkert við neitt þeirra að athuga, enda hafa engar kærur komið fram viðvikjandi þeim. Kjörbrjefadeildin leggur því einróma til, að allar þessar 13 kosningar sjeu teknar gildar.

Voru kosningarnar því næst samþyktaðar með öllum greiddum atkvæðum.

Guðlaugur Guðmundsson (framsögum. 2. kjörbrjefadeildar): Deildin hefur haft til meðferðar 13 kjörbrjef úr fyrstu deild og við 11 þeirra hefir hún ekkert að athuga, enda hafa engar kærur komið fram um þau, en um tvö þeirra hafa kærur komið fram.

Úr Barðastrandarsýslu hefir komið kæra út af því, að undirbúningnum hafi verið áfátt, sjerstaklega umbúðunum, þegar seðlarnir komu frá undirkjörstjórnunum til yfirkjörstjórnarinnar, úr 3 hreppum.

Í fyrsta lagi var lykillinn úr Rauðasands- hreppi ekki í hinum lögskipuðu umbúðum.

Í öðru lagi var innsiglið á pokann í öðrum hreppi 4 cm. frá opinu, svo að hægt var að fara í pokann án þess að skemma lökkinn, og í þriðja lagi var áfátt umbúðunum í Flateyrarhreppi.

Í þessum þremur hreppum, þar sem gallar eru taldir, eru samtals greidd 112 atkv., en atkvæðamismunur var svo mikill í kjördæminu, að þó þau gangi frá, þá hefir hinn kjörni þingmaður fleiri atkvæði, en hitt þingmannsefnið. Þess vegna leggur deildin einróma til, að kosningin sje tekin gild.

Hins vegar væri það æskilegt, að yfirkjörstjórnin gegnum stjórnarráðið væri beðin að áminna undirkjörstjórnirnar um að vanda betur kosningaundirbúninginn en hjer varð raun á, svo slíkt komi eigi oftar fyrir.

Þar næst er kosningin í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Yfir henni kæra bæði þingmannsefnið og 172 kjósendur, en tala allra kjósenda þar í kjördæminu er ókunn.

Aðalatriði kærunnar er það, að meiri hluti kjörstjórnarinnar úrskurðaði nokkra atkvæðaseðla ógilda, vegna þess að þeir væru margbrotnir, tvíbrotnir og krossbrotnir. Um þetta ber kjörstjórnin fyrir sig 35. gr. kosningalaganna, en aftur telja aðrir hjer um enga ógildingarsök að ræða.

Spurningin er því: Er það ónýtingarsök á kjörseðli, ef mótmælt er, að hann er brotinn oftar en einu sinni?

Um þetta liggja fyrir ýms skjöl, ef menn vilja kynna sjer málið, og meiri hluti kjörbrjefadeildarinnar leggur til, að kosningunni sje frestað, og visað til kjörbrjefanefndar á venjulegan hátt. Jeg skal geta þess, að jeg er ekki í þessum meiri hluta deildarinnar.

Björn Jónsson: Eftir þeim skýrslum, sem jeg hef átt kost á að sjá, er þessi kosning áreiðanlega sú gallamesta, sem dæmi eru til í þings-annálum. Jeg skal færa rök fyrir máli mínu. Kært er yfir því, að seðlar, er voru brotnir saman oftar

en einu sinni, hafi verið gerðir ógildir af kjörstjórninni, en í henni sat sjálfur keppinautur mannsins, sem seðlarnir voru ónýttir fyrir. Það er að visu ekki bannað, að framþjóðendur sitji sjálfir í kjörstjórn, en allir, sem hafa sæmilega sómatilfinningu, segja sig úr henni, þegar svo stendur á. Jeg get nefnt eitt dæmi. Það er háttvirtur 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, Jens prófastur Pálsson. Hann hefur setið í yfirkjörstjórn í sínu kjördæmi, hverja kosninguna eftir aðra, en óðara sagt sig úr henni og látið varamanninn koma í sinn stað, er hann hefir boðið sig fram sjálfur. En þessi maður, sem kallar sig þingmann Vestur-Ísafirðinga, hefur haft þá óhæfu í frammi, að segja sig ekki úr kjörstjórn, heldur sat hann þar sem fastast og notaði atkvæði sitt til þess að úrskurða sjálfum sjer kosninguna. Úr því að þess eru dæmi, að menn hafa svo sljóá sómatilfinningu, að þeir gæta ekki þess vel-sæmis, að segja sig úr kjörstjórn, þegar þeir eru sjálfir í kjöri, ætti að lögbanna slíkt, því það er auðsjáanlega hin mesta óhæfa. Jafnframt ætti að gera þá breytingu á stjórnarskránni, að hætta að láta þingið dæma um það, hvort þingmenn þess eru löglega kosnir. Það ætti að vera verk dómstólanna, helzt Landsyfir-rjettarins, að mjer virðist.

Eg ætla að vikja nokkuð nánar að aðferðinni, sem þessi margumræddi maður, þingmaður Vestur-Ísafirðinga, beitti til þess að ná kjöri, en hún var sú, að gera ógilda seðla, sem brotnir voru saman oftar en einu sinni, en sjest hafði þegar hvolft var úr atkvæðakössunum, að mest var um slíka seðla einmitt í þeim hreppi, þar sem sjera Kristinn Danielsson hafði flesta fylgismenn. Naut hann til þess fulltingis annars mannsins í kjörstjórninni, samflokksmanns sins, en þriðji maðurinn, oddvitinn, eini löglærði maðurinn í nefndinni, var á öðru máli, vildi taka þessa seðla gilda. Meiri hluti kjörstjórnarinnar ber fyrir sig

35. gr. kosningarlaganna: „Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman.“ Hvað þýða þessi orð laganna: „einu sinni“? Það er ómögulegt að misskilja. Þau þýða: það er nóg að brjóta seðilinn einu sinni. Þá dylst nafnið, sem er tilgangur laganna. En það er ekki meining laganna að hanna að brjóta seðilinn oftar saman. Það er ekki svo litill vandi að brjóta seðil saman einu sinni, svo að nafnið sjaist ekki. Til þess veitti ekki af að hafa bókbindara við hendina til að brjóta seðilinn. Margbrotnir seðlar hafa líka oft komið fram við kosningar og alt af verið teknir gildir. Engum hefur dottið í hug að finna upp á ógildingu. Það er að visu hægt að segja, að það geti verið fyrirfram umsamið merki milli kjósenda og þingmannsefnis, en slíkt er „Pedanteri“. Mesta heimiska og hgegómi að láta sjer koma slíkt til hugar. Jeg hef verið á fyrsta kjörfundinum, sem hjer var haldinn eftir að leynilegar kosningar gengu í gildi. Fyrsti dómariinn í landsyfírrjettinum var þá kjörstjórnaoddviti. Og hvað gerir hann? Hann tekur miðana af kjósendunum, brýtur þá sjálfur saman og stingur þeim í atkvæðakassann. Þetta sýnir, hvernig hann hefur skilið lögin.

Í 39. gr. kosningalaganna er talið upp hvað valdi ógildingu seðils. Þar er þetta ekki nefnt á nafn. Ákvæðið í 35. gr. er að eins leiðbeining til kjósenda, alls ekki ógildingarsök.

Hvað á þá að gera við kosninguna? Þegar þessi eini galli á seðlunum er tómur misskilningur og vitleysa, er ekki mikill vandi að skera úr því; það á vitanlega að ónyta kosninguna.

Þar næst er önnur spurning. Á að úrskurða þennan mann ólöglega kosinn, en taka hinn og segja: hann er kosinn? Í slíkum dæmum hefur þingið verið vant að gera kosninguna algerlega ógilda og láta kjósa upp aftur. En þingið er ekki bundið við þetta frekar en því sýnist rjett vera, einkum nú þegar margir þingmenn

eru nýir. Komist þingið að þeirri niðurstöðu, að þetta sje rangt, á að breyta því. Ef sagt er, það á að fara fram ný kosning, hvað þýðir það? Svo og svo mikinn frest fyrir kjördæmið með að fá mann á þing. Rekur kjósendur á kjörfund að ástæðulausu. Gerir kjósendum á engu viti bygt ómak. Jeg ætla annars að fara nokkrum frekari orðum um, hvílikur galli það er á lögunum, að þingið skuli sjálft skera úr um gildi kosninga, einkum þar sem flokksfylgið er mikið. Meiri hlutinn beitir minni hlutann blátt áfram stigamensku til þess að úrskurða sinn mann kosinn. Ef dómstólarnir skæru úr málinu, kæmi slíkt ekki til greina. Þá væri líka buið að útkljá málið fyrir þing, og kjördæmið væri laust við þann óhag, að vera þingmannslaust langt fram eftir þingi og ef til vill alt þingið. Þetta væri því stórmikil rjettarbót. Mjer var í gær flutt dálítill saga, sem gerðist á flokksfundi meiri hlutans og jeg ætla að segja frá, málinu til skýringar. (*Aldursforseti*: Þingmaðurinn er beðinn að halda sjer við efnið, það er málinu óviðkomandi, að segja sögur.) Það er einmitt til að skýra málið, en forseti getur auðvitað skipað mjer að þegja. Á jeg að hætta, eða á jeg ekki að hætta? (*Aldursforseti*: Jeg bið þingmanninn að halda sjer við efnið.)

Jeg hætti. En jeg ætla að bera fram tillögu um, að kosningin sje gerð ógild, en sjera Kristinn Danielsson úrskurðaður rjettkosinn, en til vara, að kosningin sje gerð ógild og kosið sje upp aftur.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Jeg er á alveg gagnstæðu máli við háttv. þm. Barðstrendinga. Jeg hef setið á 9 þingum og kynt mjer flestar kærur á öðrum þingum en þeim, og sjeð og heyrt margar kærur yfir þingkosningum, en enga, að jeg hygg, jafn-gersamlega ástæðulausa og þessa. Hjer er kært yfir því, að kjörstjórniin hefur nákvæmlega hlýtt fyrirskipunum laganna. Jeg get ekki sjeð, að mál

Þetta eigi nokkurt erindi í nefnd — mjer skilst sem annað liggja hér ei fyrir, en að úrskurða kosningu h. þm. V.-Ísf. gilda. Kosningalögin segja svo skýrt og ótvírátt fyrir í þessu efni, að þar er ekki um að villast. Í lögnum stendur: „Síðan brýtur kjósandi seðilinn *einu sinni* saman“ o. s. frv. Jeg veit ekki hvað er skýrt og ótvírátt, ef þetta fyrirmæli er það ekki. H. þm. vildi einnig halda því fram, að 38. gr. bæri það með sjer, að kosningin væri ógild, vegna þess, að sú grein teldi upp allar ógildingar-ástæður á kjörseðli, en þar væri þess hvergi getið sem ógildingar-ástæðu, að kjörseðillinn væri meira en einbrotinn. Þetta er ekki rjett skýrt frá hjá virðulegum sessunaut mínum. 38. gr. tekur það einmitt fram, að seðillinn verði ógildur, ef á honum sjeu „önnur slik *ein-kenni*“, og fyr eru nefnd og „gert *geti* seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlum.“ Jeg veit satt að segja ekki, hvernig hægara er að gera seðilinn þekkjanlegan, en með því að margbrjóta hann. Kjörstjórnin hefur því *nákvæmlega* fylgt bókstaf laganna, og er rangt að liggja henni á hálsi fyrir það. Hjer eru 25 kjörseðlar, sem eru ólöglega brotnir. Það má satt vera, að það geti viðgengizt, og hafi ef til vill einhvern-tíma komið fyrir, að seðlar hafi verið teknir gildir, þótt margbrotnir væru — en það hefur þá að eins verið sakir þess, að þingmannaefnin hafa verið ásátt um, að taka það ekki til greina, og enginn hefur kært yfir því. Það er því þessu máli alveg óviðkomandi. H. sessunatur minn fór, að mínu áliti, mjög svo röngum og ómaklegum orðum um hinn nýkosna þingmann. Hann kvað hann hafa hagnýtt sjer stöðu sína sem kjörstjóri til þess að koma sjálfum sjer að. Þetta er ekki rjett. Hinn nýkosni þingmaður hefur ekki gert annað en að fylgja lagabókstafnum nákvæmlega, eins og honum bar sem kjörstjóra, og verður honum eigi legið á hálsi fyrir það. Að brigsla

honum um það, að hann sitji í kjörstjórn, þótt hann sje frambjóðandi, er heldur ekki rjett. Það er hvergi boðið, og víst órjaldan venja, að kjörstjórar viki úr sæti, þótt þeir sjeu sjálfir þingmannsefni, Jeg sje hjer á þingi 4 háttv. þm., sem allir hafa setið í kjörsfjórni og verið þingmannsefni í sínu kjördæmi, og hef jeg engan heyrt álita þá minni menn fyrir það, og svo hefur það alt af áður verið. Einnig ber þess að gæta, að í þessu tilfelli var því fyrirfram mótmælt, áður en seðlarnir voru opnaðir, að taka margbrotna seðla gilda. Það er því hjeðomi að segja, að háttv. þm. hafi nokkur áhrif haft á kosninguna, þar sem hann gat ekki vitað, hversu margir af sínum seðlum og hve margir af seðlum mótkandidatsins yrðu margbrotnir. En hann hafði fullan rjett til þess að mótmæla ólöglegum seðlum, jafnvel þótt einhver afbrigði hefðu áður eða annars staðar, átt sjer stað. Það getur ekki svift þingmannsefni rjetti sínum, að önnur þingmannsefni í öðrum kjördæmum hafa *látið vera að neyta* réttar síns, þeir um það. *Volenti non fit injuria*, þ. e. það raskar einskis rjetti, sem hann samþykkir sjálfur.

Fari nú svo, sem mjer virðist ástæðulaust, að nefnd verði skipuð í þetta mál, þá hefur hún ekki annað að starfa en úrskurða það, hvort kjörstjórn beri að fylgja lögnum eða ekki, og það virðist mjer vera hjeðominn einber.

Björn Kristjánsson: Það hefur komið fram talsverður skilningsmunur á kosningalögnum hjá þeim háttv. þm., sem talað hafa. En þegar um slíkan skýringamun á lögum er að ræða, þá er það alt af vissastur vegur til þess að komast að rjetti niðurstöðu, að athuga, hvað höfundur laganna hefur haft fyrir augum með þessu og þessu atriði. Jeg skal því leyfa mjer að skýra háttv. þm. frá því, hvaða meiningu höfundur laganna lagði í þau atriði, sem hjer valda deilu, því svo vill til, að hann

er hjer í deildinni, og ætti það þá að geta fyrirbyggt allan misskilning. Eins og háttv. þm. sjá, ákveða lögin svo, að atkvæðaseðlinum sje, að kosningu lokinni, stungið inn í atkvæðakassann gegnum rifu, sem á honum er. Höfundurinn vissi, að þessi rifa er mjög þröng, og því leit hann svo á, að tafsamt gæti orðið fyrir kjósanda, að koma seðlinum í kassann, ef hann væri margbrotinn. Höfundurinn ákvað því, að eins með hliðsjón af þessari rifu, en engu öðru, að seðillinn skyldi einbrotinn, — en seðillinn þurfti auðvitað að brjóta saman, til þess að útilokað væri, að nokkur gæti sjeð, hvern kjósandi hefði kosið. Þetta get eg vottað og gæti svarið það, ef til kæmi, að er hin rjetta og eina meining höfundarins. Eins er það líka auðsætt, sem og háttv. þm. Barðst. tók fram, að ef það, að kjörseðill væri tvibrotinn, ætti að vera ógildingarsök, þá hlyti það að vera tekið upp í 38. gr., sem „úttæmandi“ telur upp öll ógildingarmerki á seðlinum. — Háttv. 2. þm. S.-Múl. var á nokkuð annari skoðun um þetta. Hann áleit, að það, að seðill væri margbrotinn, fjelli og undir 38. gr., eða þau orð í henni þar sem segir: „eða önnur slik einkenni.“ En þetta er ekki rjett. Jeg skal leyfa mjer að lesa upp greinina. Þar stendur: „Engin merki má á seðilinn gera, önnur en krossinn í hringnum, hvorki *rispu* nje *blýantsstrik*, eða önnur *slik* einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlinum“ o. s. frv. En hjer undir getur það ekki fallið, að seðill er margbrotinn, það er ekki „slik“ einkenni, sem hin fyrri, þar sem talað er um alt annan verknað. Hjer í greininni er að eins talað um merki, er gerð eru með einhverju *áhalði* á seðilinn, þannig, að hann gæti orðið þekkjanlegur, t. d. ef sett væri gat á seðilinn með tóng, eða eitthvað þvílíkt. Enn fremur vil jeg taka það fram, að jafnvel þótt ákveðið væri með frambjóðanda og kjósanda, að kjósandi skyldi með sjerstöku broti á kjör-

seðlinum gefa til kynna, hvern hann hefði kosið, þá væri það harla vandasamt, að brjóta seðilinn eftir ákveðnum reglum, og ekki að vita nema einhver annar kynni að brjóta sinn seðil eins, svo að einhlytt væri þetta ekki. Til þess að vera alveg einhlytt, þyrfti merkið að vera gert með einhverju áhaldi, og einmitt það, og að eins það vilja lögin koma í veg fyrir, og þess vegna telja þau upp ógildingarmerkin í 38. gr. Og loks er í 39. gr. alt upp talið, sem geti valdið því, að atkvæði verði ógilt. Þegar jeg nú hef skýrt satt og rjett frá meiningu höfundarins, þá vona jeg, að háttv. þm. verði mjer sammála um það, að kjörseðill ógildist ekki, þótt hann sje margbrotinn.

Viðvikjandi hinu atriðinu, sem minst hefur verið á, hver ætti rjettilega að skera úr gildi kosningar, ef hún sje eitthvað gölluð, þá skal eg geta þess, að það var höfundi laganna mikið umhugsunarefni. Hann áleit ef til vill rjettast, að slíkt mál yrði fengið yfirrjettinum til úrskurðar, en það sem helst mun hafa verið þess valdandi, að ákveðið var í lögunum, að alþingi skyldi skera úr gildi kosningar, var það, að talsverður dráttur gæti orðið á úrskurðinum, og stafaði af því mikil hætta á því, að kjördæmi yrði lengri eða skemmri tíma að vera þingmannslaust.

Jeg hef nú sagt satt og ráðvandlega frá meiningu höfundarins, og vona jeg því, að háttv. þing taki orð mín til greina. Sje minn skilningur á lögunum rjettur, þá er enginn vafi á því, að sjera Kristinn Daniellsson er rjett kjörinn þingmaðnr Vestur-Ísafjarðarsýslu. Að skipa nefnd í málið, álit jeg þýðingarlaust — mjer liggur það raunar í ljettu rúmi, hvort það verður gert eða ekki, en lögin eru hjer svo skýr, að ekki er um að villast. Jeg hallast því algerlega að tillögum háttv. þm. Barðst. og legg til, að kosning Matthíasar Ólafssonar verði ekki tekin gild.

Matthías Ólafsson: Jeg get verið fá-

orður um ræðu háttv. þm. Barðst. Flest af því, sem hann sagði, get jeg ekki skoðað öðruvísi en hvert annað barnagaman, þótt það ef til vill virðist nokkuð undarleg ánægja, að ráðast á nýgræðing og honum alveg ókunnan mann með svo ómaklegum brigslyrðum, — en jeg tek mjer það ekki svo nærri. Hitt langar mig til að benda háttv. þm. á, hversu rangt það er að bera mjer á brýn nokkra hlutdrægni í þessu mál. Það er alveg rjett, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. tók fram, að áður en atkv. voru upplestin og nokkur gat vitað, hvernig þau fjellu, var ákveðið að taka enga seðla, sem margbrotnir væru, gilda. Jeg leit svo á, að hvert eitt merki, er á kjörseðlinum væri, gæti verið fyrirfram ákveðið einkenni til þess að seðillinn þektist. Hitt gæti mörgum orðið á, að gera óvart eitthvert aukastrik, en að margbrjóta seðil gerði enginn af óvarkárni.

Viðvikjandi ræðu háttv. 1. þm. G.-K. þá get jeg ekki mótmælt því, að frásögn hans, um meiningu lagahöfundarins, kunni að vera rjett, — mjer er ókunnugt um það —, en hafi svo verið, þá hefir löggjafinn verið ákaflega óheppinn í að koma orðum að meiningu sinni, því að flestir menn um land alt munu hafa skilið hann öðruvísi. Og að liggja kjörstjórninni á hálsi fyrir það, að hún fylgir lögnum eins og þau segja fyrir og flestir hafa skilið, álit jeg alveg rangt. Hvað það snertir, að skylda mín hefði verið að vikja sæti úr kjörstjórninni, þá skal jeg geta þess, að jeg hafði fullan rjett til að sitja þar, og einmitt þegar þess er gætt, að fyrirfram er ákveðið, að taka ekki margbrotna seðla gilda, þá skil jeg ekki, hverjir geta brugðið mjer um hlutdrægni og horið mjer á brýn, að jeg hafi misbeitt valdi mínu. Að jeg fyrirfram hafi getað vitað, hverjir mundu margbrjóta seðlana, er hreinasta fjarstæða, eins og hver heilvita maður sjer, — því að jafnvel þótt jeg haldi, að mínir kjósendur muni að flestu leyti standa kjós-

endum mótkandidats míns framar, þá hefði þó verið harla hæpið að ganga út frá því fyrirfram, að þeir mundu ganga betur frá kjörseðlum sínum. Jeg get því ekki annað sjeð, en að kosning mín sje fullkomlega lögmæt. Jeg biðst engrar vægðar af þinginu. Mig fýsir ekki svo mjög til þingsetu og gott er heilum vagni heim að aka til heimilis míns, þar sem mörg störf biða mín, en hitt þætti mjer leitt, ef þingið færi að breyta á móti þeim gildandi lögum, sem það hefur sjálft gefið. Það væri ekki gott eftirdæmi öðrum.

Jens Pálsson: Það ern mjög ítarleg skjöl, sem kjörbrjefanefndinni hafa horizt. um kosningu háttv. þm. V.-Ísf. Sjerstaklega skal jeg taka það fram, að í kæruskjali Kristins Danielssonar er hvert atriði ítarlega og stillilega skýrt — og sömuleiðis í kærum hinna afarmörgu kjósenda í Vestur-Ísafjarðarsýslu. 276 kjósendur hafa neytt þar atkvæðisrjettar síns við seinustu kosningar og af þeim hafa 172 skrifað undir kærana. Mjer er ekki kunnugt um tölu kjósenda í sýslunni, en sennilegt er, þar sem nú er farið að kjósa í hverjum hreppi, að sem flestir hafi neytt rjettar síns. En þetta er svo mikill fjöldi, sem undir kærana hefur skrifað, að manni getur dottið í hug og þykir ekki ósennilegt, að einhverjir af kjósendum Matthíasar Ólafssonar hafi jafnvel fylgzt með — þótt óhæfan vera svo mikil. Ennfremur hafði nefndin með höndum vottorð frá formanni kjörstjórna í 3 kjördeildum, og segir þar, að í þeim öllum hafi komið fyrir fleirbrotnir seðlar og þeir aldrei verið gerðir ógildir fyrir þá sök eina — fyr en nú. Og nú stendur svo á, að einn maður úr kjörstjórn, Kristinn Guðlaugsson að nafni, hefur og verið í kjörstjórn við undanfarnar kosningar og hefur hann aldrei gert neina athugasemd við það, að kjörseðlar væru margbrotnir fyr en nú. Þetta virðist mjer harla einkennilegt. Þar sem h. þm. V.-Ísf. skýrði frá því, að kjörstjórn-

inni hefði fyrirfram komið saman um, að taka þá eina atkvæðaseðla gilda, er einþrotinir væru, þá kom það ekki greinilega fram í ræðu hans, hvenær kjörstjórnin tók þessa ályktun. Mjer þætti vænt um, ef háttv. þm. vildi gefa mjer upplýsingu um það. Var það ákveðið löngu fyrirfram — eða ekki fyr en á atkvæða-upptalningsfundum, þegar búið var að steypa úr kössunum? Þetta er mjög mikilsvert atriði. Hafi ákvörðunin ekki verið tekin fyr en búið var að steypa úr kössunum, er ekki ósennilegt, að sjest hafi, í hvaða hreppum flestir margbrotinir seðlar hefðu komið fyrir, og gæti það gefið kunnugum og glöggum innanhjeraðsmanni talsverðar upplýsingar. Annars virðist mjer 35. gr. kosningalaganna taka af öll tvímæli í þessu máli. Þar segir: „Síðan brýtur kjósandi einu sinni saman, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann“ o. s. frv. Jeg get varla skilið í öðru, en að öllum skiljist það, að þessi grein er að eins leiðbeinandi, „instructiv“. Meiningin getur ekki verið, að kjósandi sje skyldur að ganga að atkvæðakassanum, ef hann t. d. er lami og getur ekki gengið, og að skjálfhentur megi ekki leita hjálpar sjer til þess að setja miðann í kassann. Það væri hin mesta fjarstæða. Eins eru orðin „brýtur einu sinni saman“ að eins leiðbeinandi, — kjósandi má tvíbrjóta seðilinn, ef hann vill. Einnig veit jeg það, að góðar kjörstjórnir bæði hjer í Reykjavík og í Gullbringusýslu hafa lítið svo á, aður en fram komu lögum um breyting á lögum um kosningar til alþingis, þau er sett voru 1909, og leiðbeint kjósendum ef á hefur þurft að halda. Mjer er líka talsvert kunnugt um „praxis“ við prestskosningar hjer í Rvík. Þar kom það þráfaldlega fyrir, að seðlar voru margbrotinir, og voru þeir engu að síður teknir til greina, ef þeir voru ógalladír að öðru leyti. Aðalmaðurinn í þeirri kjörstjórn var hinn alkunni skarpri og

glöggi lagamaður og skýri úrskurðahöfundur og dómari, fyrrum landshöfðingi Magnús Stephensen. Það er því harla einkennilegt, ef einmitt nú á að fara að bregða út af því, sem viðgengizt hefur um alt land, og glöggir lagamenn hafa álitíð fullkomlega lögum samkvæmt.

Þessi háttv. þm., sem vafinn er nú um hvort rjett sje kosinn, hefir neytt rjettar sins sem kjörstjóri til að dæma alla þessa umdeildu seðla, og liggur hvergi í skjölunum, að þeir hafi verið úrskurðadír fyrirfram, en hitt er víst, að hann var annar af tveimur mönnum í kjörstjórninni, er mótmælti þeim og úrskurðaði þá ógilda; var því bæði kærlandinn og dómariinn, og það í sinni eigin sök.

Þetta tilfelli er ljós sönnun þess, hve óviðeigandi það er, að þingmannsefni sitji í kjörstjórn í hjeraði því, er hann býður sig fram í, og vegna þess að min hefur verið minst í því sambandi, skal jeg geta þess, að strax og jeg bauð mig fram í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fór jeg, vegna þess að jeg átti sæti í kjörstjórninni, til þáverandi sýslumanns, og það hann að úrskurða mig lausan úr henni, sem hann og gerði; núverandi sýslumaður áleit sig aftur á móti ekki hafa heimild til þess í lögum að úrskurða þann veg; jeg tók þá það ráð, að tilkynna honum forföll, og tók hann þau gild og aðvaraði varamann um að vinna kjörstjórastarfið í minn stað.

Þar sem háttv. 2. þm. S.-Múl. tók fram, að 35. gr. kosningalaganna væri skilyrðislaus fyrirskipun, þá er það ekki rjett; hún er að eins reglugefandi og leiðbeinandi. Kjósendur hafa því rjettilega fram að þessu álitíð löglegt og leyfilegt að tvíbrjóta seðla, og gert það viðsvegar um land óátalið, að eins til þess að tryggja sem bezt leyndina, enda er það höfuðatriðið; — það eitt hafa þeir viljað gera með því að tvíbrjóta, og væri það næsta hlægilegt, að ógilda seðla þeirra fyrir tvíbrotning eina.

Mín skoðun er sú, að þingið geti ekki

með sóma sínum tekið þessa kosningu gilda óathugað, enda er sjálfsagt að sýna jafnmiklum heiðursmanni, og allir vita að fyrverandi þingmaður sjera Kristinn Daníelsson er, þann sóma, að ihuga málið.

Um hvað gera á, bind jeg mig ekki, en jeg býst við og vænti þess fastlega, að varatillaga (að fyrirskipa nýja kosningu) háttv. þm. Barðst. nái fram að ganga, eftir að nefnd hefur athugað málið.

Matthías Ólafsson: Háttv. 2. þm. G.-K. spurði að því, hvenær það hefði verið ákveðið, að ógilda margbrotna seðla. Því er þar til að svara, að við Kristinn Guðlaugsson komum okkur saman um það daginn áður en talið var upp, að ef slíkir margbrotnir seðlar kæmu, væri sjálfsagt að ógilda þá samkvæmt 35. gr. kosningarlaganna.

Sami háttv. þm. sagði það, að sá, er bauð sig fram á móti mjer, hefði aldrei stuðlað að því, að seðlarnir hefðu verið auðkendir með margbroti, og er jeg honum öldungis sammála um það efni af persónulegri viðkyppingu okkar, en jeg vil benda á, að hann á óbilgjarna undirræðara, er gera alt. Og þótt þessi sami háttv. þm. vilji tortryggja mig, þá vissi jeg aldrei, hver átti fyrsta margbrotna seðilinn, leit aldrei á hann, eins og jeg yfirhöfuð leit aldrei á ógildu seðlana, því þeir gátu aldrei haft áhrif á kosninguna. Jeg veit því ekki enn, nema hvað jeg heyri, hver okkar hefur átt meira af þeim.

Eins og kosningalögin eru nú, þá gerir lítillfjórlegt strik seðil ógildan. Þingmannsefnið verður því að gjalda klaufvirkra kjósenda, og atkvæði þeirra ónýtt. Þetta þarf að lagfæra, en það ætti öllum að vera verkunnarlaust, að brjóta seðlana rjett.

Guðlaugur Guðlaugsson (framsögumaður): Það hefur talsvert verið talað um þessa kosningu, og því er haldið fram, að það sje aðallega þingmannsefnið sjálft, sem hafi ráðið því með atkvæði sínu í

yfirkjörstjórninni, að margbrotnu seðlarnir voru ógiltir. Jeg vil taka það skýrt fram, að það sjezt ekki á kjörbókarefritritinu.

Kjörbókarefritritið inniheldur að eins þær skýrslur, sem eftir kosningalögunum eru nauðsynlegar, en það er ekki itarlegt nje gjörtæmandi og þess er ekki getið þar, hverjir úrskurðinn samþykktu, nje hversvegna þessir 21 seðlar voru gerðir ógildir, nje heldur hvenær þessi úrskurður var kveðinn upp.

Jeg vefengi það ekki, hvort kjörstjórnaroddvitinn hafi verið í vafa um, hvort ónýta ætti margbrotnu seðlana, eins og haldið er fram, en hitt er alveg víst, að úrskurðurinn hefur verið kveðinn upp við fyrsta seðilinn. Þá gat enginn vitað, hve margir þessir margbrotnu seðlar, er voru eftir í hylkinu, yrðu, nje hver ætti þá. Það er því mjög ástæðulaust, svo jeg ekki viðhafi sterkári orð, sem þó væri óhætt, að halda því fram, að þingmannsefnið hafi með atkvæði sínu í yfirkjörstjórninni gert sig sekan í hlutdrægni. Slíkt eru höfuðórar — helber hugarburður.

Það hefir verið deilt hjer um skilning 35. gr. kosningalaganna samanborið við 38. og 39. gr.

38. og 39. gr. segja „má ekki“. Þeir gallar, er þar eru nefndir, varða skilyrðislaust ónýting, þótt enginn mótmæli. Þetta er eigi tekið fram um rangt brot á seðli. Í þessu liggur að eins það, að þó að frá reglu 35. gr., að því brotið snertir, sje vikið, þá er kjörstjórnin ekki ex officio skyldug til að ónýta seðilinn, en þar af leiðir ekki, að hún geti ekki tekið til greina mótmæli, ef fram koma. Það hefir fáðæma litla þýðingu fyrir framkvæmd laganna að rannsaka hjörtu og nýru löggjafanna, því hvað sem þeir hafa hugsað sjer, þá ráða orðin með þýðing sinni.

Viða koma fram tvíbrotnir seðlar, og þó að kjörstjórnir taki ekki slíkt upp, ef enginn hreyfir mótmælum, er þar með ekkert um það sagt, hvað sama yfirkjörstjórn

mundi gera, ef mótmælt væri, enda er það upplýst hjer, að í minsta kosti einu kjördæmi, Strandasýslu, hafa seðlar verið ógiltir af þessari orsök.

Það er stórháskalegt, ef þingið fer að taka til sín rjett kjösenda, með því að lýsa gilda kosningu þess manns, sem ekkert kjörbrjef hefur og engin skilríki fyrir því, að hann hafi verið kosinn. Með því væru allar kosningar lagðar undir gerð, máské óbilgjarns meiri hluta á alþingi, er hugsaði um það eitt, að gera sig sem sterkastan. Það sjá allir, að slíkt er hreið og beinn háski.

Ef menn vilja ekki samþykkja kosninguna orðalaust, þá er sjálfsagt, að láta nefnd rannsaka hana; en annars hafa margar kosningar legið hjer fyrir þinginu í gamla daga, er hafa verið mikið gallaðri en þessi, en hafa þó verið teknar gildar; jeg skal þar að eins minna á kosningar úr Suður-Múlasýslu og Strandasýslu (*Jón Ólafsson*: og Árnessýslu). Þingið gæti því vel, að minu álit, tekið kosninguna gilda strax, en meiri hluti kjörbrjefadeildarinnar lagði hins vegar til, að málinu yrði frestað og vísað til kjörbrjefanefndar, og álit jeg sjálfsagt, að sú tillaga verði borin fyrst undir atkvæði, þar næst aðal-tillaga háttv. þm. Barðst. og þá varatillagan. (*Forseti*: Sjálfsagt).

Jens Pálsson. Viðvíkjandi hinni hóflegu ræðu hins háttv. manns, sem hjer er mættur sem þm. V.-Ísaf., vildi eg aðeins taka það fram, að eg álit hann vaxinn upp úr því, að hafa stuðlað að tvíbrotnu seðlunum, en úrskurðurinn um þá getur ekki hafa verið kveðinn upp fyr en eftir að búið er að steypa saman seðlunum úr kjörskrinum hreppanna ofan í hið stærra ílát, sem seðlunum er helt í til að hrærast þar saman, — og ekki fyr en fyrsta tvíbrottinn seðill er tekinn upp úr því íláti til álita. Kjörstjórnarnir horfa nú á, er úr er steypð skrinum hinna einstöku hreppa og sjá, hvornig seðlarnir lita út úr hverjum hreppi

fyrir sig, er þeir hrynja í hið stærra ílát og liggja þar ofan á. Glöggur kjörstjóri, er gefur þessu gætur, veit því úr hvaða hrepp er mest af margbrotnu seðlunum. (*Guðl. Guðmundsson, Stefán Stefánsson*, 5. kgk. o. fl.: „Ómögulegt“). Jú, vist er það mögulegt, og meira að segja sjálfsagt og auðsætt. Hitt segir sig sjálft, að þingmannsefni vita líka manna best, hvornig fylgi þeirra muni vera háttað í hinum einstöku hreppum. Má hver maður af þessu sjá, hve óviðeigandi og óhæfilegt það er, að þingmannsefni sitji að nauðsynjalausu í yfirkjörstjórn, eins og átti sjer stað í þessu tilfelli.

Þegar hjer var komið umræðunum, kom fram tillaga frá 9 þingmönnum um að nú skyldi umræðunum hætt. Voru undir hana skrifaðir þessir þingmenn:

Jón Ólafsson,
Guðlaugur Guðmundsson,
Valtýr Guðmundsson,
Pjetur Jónsson,
Sigurður Stefánsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Jón Jónsson, 2. þm. Rvk,
Agúst Flygenring,
Eggert Pálsson.

Tillagan var samþykkt og síðan gengið til atkvæða.

Kjördeildin hafði lagt til, að kosning Björns Jónssonar, þm. Barðstr. yrði tekin gild, og var það samþ. með öllum greiddum atkv.

Um kosningu Matthíasar Ólafssonar, þm. V.-Ísaf. hafði kjördeildin lagt til, að fresta að yrði að taka ályktun um hana, og málinu vísað til þartil kjörinnar nefndar.

Tillaga kom fram frá Birni Jónssyni, þm. Barðstr. um, að kosning Matthíasar Ólafssonar væri gerð ógild, en kosning sjera Kristins Danielssonar tekin gild. En til vara að kosningin yrði ógilt og stofnað til nýrra kosninga í kjördæminu sem fyrst.

Tillaga kjördeildarinnar var samþykkt með 23 samhlj. atkv.

Sigurður Stefánsson (framsögum. 3. kjörbrjefadeildar). Kjörbrjefadeildin hafði til meðferðar 12 kjörbrjef frá 2. kjördeild, og hefur hún ekkert við þau að athuga, og leggur því til að þau sjeu samþykkt, enda hafa engar kærur komið fram viðvikjandi þeim.

Tillaga kjördeildarinnar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá unnu nýir þingmenn eð að stjórnarskránni. voru það þessir þingmenn:

Haldór Steinsson,
 Jón Jónatansson,
 Jón Jónsson, 2. þm. Rvk.,
 Sigurður Eggerz,
 Tryggvi Bjarnason.

Siðan var gengið til kosninga á embættismönnum hins sameinaða alþingis, og var Hannes Hafstein, 2. þm. Eyf., kosinn forseti með 25 atkvæðum.

Hannes Hafstein gekk þá til forseta-sætis og mælti:

Jafnframt og eg held áfram dagskrá, vil eg þakka hinu háttvirta þingi fyrir það traust, er það hefir sýnt mjer með þessari kosningu.

Varaforseti sameinaðs þings var kosinn Eiríkur Briem, 2. kgk. þm., með 22 atkv.

Skrifarar sameinaðs þings voru kosnir Sigurður Stefánsson, þm., Ísaf. með 24 atkv. og Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl. með 21 atkv.

Ósk kom fram um hlutfallskosningu í kjörbrjefanefnd, og voru nndir hana ritaðir þessir þingmenn:

Björn Jónsson,
 Skúli Thóroddsen,
 Björn Kristjánsson,
 Þorleifur Jónsson,
 Ólafur Briem,
 Bjarni Jónsson frá Vogu,
 Björn Þorláksson,
 Jósef J. Björnsson,
 Benedikt Sveinsson.

Tveir listar komu fram og voru merkt-

ir A og B. Þessir þingmenn hlutu kosningu í nefndina:

Jón Magnússon (A-listi),
 Björn Jónsson (B-listi),
 Guðjón Guðlaugsson (A-listi),
 Guðlaugur Guðmundsson (A-listi),
 Jens Pálsson (B-listi).

Voru siðan kosnir óbundnum kosningum 8 þjóðkjörnir þingmenn til að taka sæti í efri deild, og hlutu þessir kosningu: Einar Jónsson, 2. þm. N.-Múl. m. 32 atkv.

Jens Pálsson, 2. þm. G.-K. " 32 "
 Jósef Björnsson, 2. þm. Skgf. " 32 "
 Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv. " 32 "
 Sigurður Stefánsson, þm. Ísaf. " 31 "
 Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand. " 30 "
 Sigurður Eggerz, þm. V.-Sk. " 27 "
 Jón Jónatansson, 2. þm. Árn. " 21 "

Eftir það var fundi slitið í sameinuðu þingi, og þingmenn skiftu sjer í deildir.

Prófun kjörbrjefa (framhald).

Á 2. fundi í sameinuðu þingi, sem var haldinn fimtudaginn 18. júlí kl. 11¹/₂ f. h., var samkvæmt dagskrá tekið fyrir að rannsaka kjörbrjef 2. þm. N.-Múl. Einars prófasts Jónssonar, sem nú var kominn til þings, og voru allir á fundi, nema Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl., sem var fjarri sökum veikinda. Kjörbrjefanefnd tilkynnti, að hún hefði kosið sjer formann Jón Magnússon þm. Vestm. og skrifara og framsögumann Guðlaug Guðmundsson.

Forseti skýrði frá, að sjer hefðu borizt símskeyti að vestan viðvikjandi kosningu þm. V.-Ísaf., og hefði hann sent það samstundis til kjörbrjefanefndarinnar.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson). Kjörbrjefanefnd alþingis hefur verið afhent kjörbrjef 2. þm. N.-Múl., Einars prófasts Jónssonar. Form þess er að öllu leyti löglegt, og engar kærur hafa komið fram út af kosningunni. Fyrir því

leggur nefndin það til í einu hljóði, að kosningin sje tekin gild.

Síðan var gengið til atkvæða og var kosningin tekin gild í e. hlj.

Forseti tilkynti, að fundur yrði næsta dag kl. 5 síðdegis um kosningu þm. V.-Ísaf.

A 3. fundi sameinaðs þings, sem haldinn var föstudaginn 19. júlí kl. 5 síðdegis, var tekið fyrir samkvæmt dagskrá, að taka ályktun um kosningu þm. V.-Ísf., og voru allir á fundi, nema hinn 3. kgg. þm. (Ágúst Flygenring), sem fengið hafði fararleyfi, og 1. þm. S.-Múl., sem var fjarverandi sökum veikinda.

Áður en umræður hófust leitaði forseti leyfis ráðherra og þingsins um afbrigðing frá þingsköpunum og voru þau veitt.

Björn Jónsson. Það er svo sem ekki miklu við að bæta það, sem vjer fjelagar höfum sagt í nefndarálitinu, minnihlutamenn. Fáir munu í því skilja, að meirihlutinn skuli fá af sjer að mannskemma sig á að halda fram slíkri hverjum manni bersýnilegri lögleysu. Er það metnaðurinn að fara ekki halloka fyrir minni hlutanum? Meiri hlutanum, heimastjórnarliðinu, er sama sem all vald gefð, ekki beint á himni og jörðu, en þó á þessu þingi. Hann er jafnnær, hvort sem hann fær þann liðsauga, sem þessi ólöglega kosni þm. (M. Ó.) veitir honum eða ekki. Og vjer, minni hlutinn, slíkt hið sama, þó að okkur bættist þingmannsefni það, er vjer vildum kosið hafa, eða ekki. Hann er mesti ágætismaður að visu, einhver nýtasti maður, er á þingi voru hefur setið. En jafnfjarri erum vjer því að ráða nokkru á þessu þingi, þótt hann bættist oss. Svo litlum minni hluta erum vjer í. En það er oss kappsmál, að verjast ranglætinu.

Jeg fortók um daginn, að nokkur þingmaður færi að dæma mann þinghæfan, hversu meingölluð sem kosning hans væri, hvað þá heldur að völdugur, mikils háttar þingflokkur, gerði sig sekan í slíkri óhæfu.

Jeg neyðist nú til að gera mjer í hugarlund, að þeir muni þó nokkrir vera, jafnvel meiri hluti meiri hlutans, en alls ekki hann allur, og að þessi meiri hluti meiri hlutans hafi kjörið sjer tvo eða fleiri sína vöskustu orustumenn til að fódra þá óhæfu. Meðal slíkra fódrrara — ekki veggfódrrara, heldur lögleysufódrrara — hef jeg orðið var við tvo þeirra mestu lögvitringa, þm. Ak. og 2. þm. S.-Múl., sem að visu er ólöglerður, en þó líklegast sann-nefndur yfirlögvitringur þingsins og auk þess nafntogaður fyrir dæmasíaa bönþægni sína að verja hvern málstað, sem jeg vil ekki nefna hinn versta málstað, en hinn ljelegasta, sem hugsagt getur, og það með frábærri rökfimi. Það er ekki langt síðan. er hann (J. Ó.) var beðinn að verja pilt, er samið hafði bók með mjög ljelegu orðfæri, afleitri islenzku, og hlaut ámæli fyrir, og að hann brá óðara við og mælti honum sterklega bót, og er þó virðulegur þm. S.-Múl. (J. Ó.) einhver vor mesti islenzkumaður og ann feðratungu vorri og hefur alla tíð unnað brennheitt.

Þessi þingmannsefna Vestur-Ísfirðinga, M. Ó., varði kosningu sína, hina ólöglegu, um daginn af miklum móði og tjáði sig með mörgum fögrum orðum afarfjarri allri hlutdrægni. En um það er fengin greinileg vitneskja, að úr 2 suðurhreppum sýslunnar, er hann átti heima í, og bróðir hans var undirkjörstjóri, var varla nokkur seðill nema einbrotinn, hafði að þeirra beinu undirlagi verið hafðar mjög glöggar gætur á, að sem rjettast yrði frá þeim gengið. En úr Súgandafirði, mesta fylgishrepp keppinautar hans, Kr. D., var nærri hver seðill margbrotinn. Þessu tóku allir eftir, sem við voru, er kjörskrinunum var upp lokið, og hef jeg talað við einn þessa sjónarvott, mikið kunnan mann, skýran og merkan. — Sýnir þetta meðal annars, hver óhæfa er að hafa þingmannsefni í yfirkjörstjórn.

Það varð einum gamansómum þing-

manni að orði, er hann hlýddi á ræðu M. Ó. um daginn, að með karlmensku hefði hann haft sjer út kjörbrjef, með því sama sem að brenna allmörg kjörbrjef fyrir keppinaut sinum, úr Súgandafirði. Nú ætlaði hann að æpa sig inn á þing; hann þótti tala meður mikilli ákefð, mjög hátt.

Sigri hrósandi fara þeir sjálfsagt af þessum fundi, virðulegir andstæðingar. En mundu þeir aldrei mega segja: Vinnum vjer slíkan sigur annan, er úti um oss. Svo illa ætla jeg mælast muni fyrir þeim sigri.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg get látið mjer nægja að visa til álits meiri hluta nefndarinnar, eins og það liggur fyrir. Og finn í rauninni enga þörf á að bæta við, enda gaf ræða h. þm. Barðst. ekki tilefni til þess. Það sem h. minni hluti í máli þessu ber fram, er undantekningarlaust bygt á getgátum, sem ekki er unt að sanna. Eins og t. d. það, í hvaða hreppi hvort þingmannaefnanna hafi haft meira kjörfylgi. — Aðalatriðið, sem um er barizt, eru þessir tvíbrotnu seðlar og virðist enginn vafi leika á því, að samkvæmt 35. gr. kosningalaganna hljóta þeir að vera ógildir, úr því mótmælt er. Í þeirri grein stendur skýrt og tvímælalaust, að atkvæðaseðil skuli brjóta einu sinni, og hjer er um greinilegt brot að ræða gegn því ákvæði. Með þessu ákvæði er skapað fast form. Greinin er „formskapandi og regluskapandi“, svo sem minni hlutinn kemst að orði. Og sú gerð, sem fer í bága við form eða reglu, hlýtur að vera gersamlega ólögleg.

Háttv. minni hluti virðist gera nokkuð mikið úr símskeyti frá yfirkjörstjóranum í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Jeg er honum samdóma um það, að þetta atriði heyrir ekki undir 38. gr. kosningalaganna, en annað og meira en það er líka ekki hægt að draga út úr símskeytinu.

Það hefur komið fram vottorð úr tveim

hreppum um, að þar hafi kjörstjórar gert skyldu sína. Og af þeirri ástæðu á, eftir kenningu minni hlutans, að gera ógild 114 atkv. Er þetta sanngirni og rjettlæti? Jeg segi nei! Þá er þessi fullyrðing h. minni hluta um vitanlegt kjörfylgi algerlega gripin úr lausu lofti. Hver getur sagt um það, hvern kjósandi ætlar að velja áður en hann fer inn í kjörherbergið? Hann hefur leyfi til þess að segja við Pjetur og Pál hvað sem honum sýnist; er ekki bundinn við neitt.

Þá vil jeg og benda á það, að afarhættulegt getur það verið, ef þingið færi að taka tillit til þess, að undirskriftasmalanir hafi átt sjer stað. Það er ekki alt af hinn sanni vilji kjósendanna, sem stendur á pappír undirskriftasmalanna. Með þessu á jeg ekki við þingmannsefnið, sjera Kr. Danielsson; en orð hefur leikið á, að smalarnir hafi beitt sjer fyrir málstað h. minni hluta af hinni mestu frekju.

En það, sem jeg legg mesta áherzlu á, er það, að mjer virðist háttv. minni hluti vilja beita ranglæti í þessu máli og fótum troða anda og ummæli kosningalaganna.

Jens Pálsson: Háttv. þm. Barðst., meðnefndarmaður minn, fjekk vegna heilsu sinnar leyfi til þess að tala fyrst, þótt jeg sje framsögumaður minni hlutans.

Þá er jeg las nefndarálit minni hlutans prentað, það er jeg hafði sjálfur skrifað, sá jeg að betur hefði farið á, að draga hinar ómótmælanlegu röksemdir okkar enn meir saman; rökleiðslan hefði með því móti orðið enn styttri og þó fyllilega ljós og sannfærandi; það, að minni hluta álitnið er óþarflega langt, er þannig afleiðing af því, hve skammur tími var til þess að semja það.

Af ástæðum, sem í minni hluta álitinu eru færðar, og sem jeg í þessari ræðu minni mun enn ítarlegar rekja, er augljóst, að skilningur meiri hluta nefndarinnar á 35. gr. kosningalaganna getur ekki verið rjettur, og af því hann *getur* ekki verið

rjettur, þá er hann *rangur*. Hjer er um þann rjett að ræða, sem er dýrmætasta og helgasta eign hvers manns, og að leggja þann skilning í 35. gr. kosningarlaganna, er hlýtur að valda því, að þessi rjettur missist sumum mönnum, það er fjarstæða.

Með 17. gr. stjórnarskrárinnar er kosningarrjettur til alþingis veittur ákveðnum flokkum manna í þjóðfjelaginu; þeim mönnum öllum, er fullnægja ákveðnum þar settum skilyrðum.

17. gr. stjórnarskrárinnar telur upp til fulls öll skilyrðin fyrir kosningarrjetti.

Þegar kosningalögin voru sett, hefur löggjafinn auðvitað varazt það öllu öðru fremur, að skerða minstu vitund, nje ganga að nokkru á þann kosningarrjett, sem stjórnarskráin veitir, enda lýsir það sjer í kosningarlögum, þegar frá upphafi, að þau eru í fylsta samræmi við stjórnarskrána. Þetta kemur skýrt fram í 34. gr. kosningarlaganna, að löggjafinn hefur ekki viljað meina mönnum að neyta kosningarrjettar síns, og þess vegna er 35. gr. kosningalaganna leiðbeinandi (instructiv) að eins, og ekkert annað. Það væri þvert ofan í 17. gr. stjórnarskrárinnar og 34. gr. kosningarlaganna, að skilja 35. gr. laganna á þá leið, að t. d. kjósandi þyrfti skilyrðislaust að gera krossinn sjálfur. Það eru til menn, kosningarbærir menn og mestu heiðursmenn að auki, svo hentir beinlínis, að þeir *geta ekki* gert krossinn nje brotið saman seðilinn sjálfir, eru t. d. sjóndaprir eða skjálfhentir, eða hvorttveggja. Það getur ekki komið til tals, að löggjafinn hafi ætlazt til að aftrað yrði öllum þessum mönnum frá því að neyta kosningarrjettar síns. Því er hvískrað að mjer, að kjörstjórnir megi hjálpa kjósendum, þegar líkt sje ástatt. Það er að visu tekið fram í viðbótarlögum um kosningar, frá 1909, 6. gr. En á árunum 1903—1909 hefðu engar útgöngudyr verið fyrir fatlaða menn að kjósa, ef skilningur háttv. meiri

hluta nefndarinnar hefði verið lagður í 35. gr.

Hjer við bætist enn það, að í kjördæmi því, er hjer ræðir um, hafa tvibrottnir seðlar jafnan áður verið teknir gildir við alþingiskosningar. Það hefði því beint verið skylda kjörstjórnarinnar, ef hún hefði ætlað að fylgja annari og nýrri reglu í því efni, að aðvara kjósendur fyrir kosningarnar um það, að tvibrottnir seðlar yrðu ekki gildir teknir. Enda munu og víðast hvar hafa teknir verið gildir tvibrottnir seðlar, t. d. í báðum hinum kjördæmunum í Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað.

Í 38. og 39. gr. kosningalaganna er, að mjer skilst, upptalið, hvað gert geti seðil ógildan, og er þar hvergi nefnt á nafn, að tvibrottnir seðill skuli teljast ógildur.

Jeg hef nú leitt rök að því, að 35. gr. sje að eins leiðbeinandi, geti ekki haft annað meira nje frekara gildi, — og að af henni rjettskilinni sje alls ekki hægt að leiða, að fleirbrottnir seðlar sjeu ógildir. Það gætu þeir því að eins orðið, að þeir sjeu að einhverju leyti þannig sjerkendir, að 38. gr. eigi við þá, og þeir geti heimfærzt undir hana; en það geta þeir ekki, nema á þeim sjeu sýnileg sjerkenningar-einkenni, svo sem rispa, blýantsstrik eða annað slíkt.

Tvibrottnir eða fleirbrottnir seðlar komast eigi í atkvæðaskrínurnar án vitundar undirkjörstjórnar. Í þessu tilfelli hafa undirkjörstjórnirnar horft á kjósendur leggja tvibrottna seðla í skrinurnar, ekkert við það athugað, heldur samþykkt með þögninni, að svo mætti vera. Hvaða rjettlæti er þá í því, að refsa kjósendum, sem treyst hafa ihlutunarleysi og samþykki undirkjörstjórnanna, — refsa þeim með ónýtingu atkvæða þeirra? Það er ekkert rjettlæti; — þvert á móti er það einbert hróplegt ranglæti.

Hverjum ætti þá að refsa fyrir það, að

seðlar þessir voru fleirbrotnir? Ef einhverjum ætti að refsa, er það vafalaust kjörstjórnin, yfirkjörstjórnin, sem tekið hefur í þessu kjördæmi upp nýja reglu, án þess að aðvara um það, og án þess að leggja fyrir undirkjörstjórnirnar, að framfylgja undantekningarlaust einbrotningarreglunni, svo að ekki yrði nein ósamræmi í undirkjördæmunum í þessu efni. Og hin rjettmæta refsing á kjörstjórnina er það, að henni sje skipað að annast um nýja kosningu. Það á að kjósa upp aftur í þessu kjördæmi.

Órjettmætar eru ákúrir meiri hluta álitsins til kjósenda í V.-Ísafjarðarsýslu út af þessu kærumáli, og óskiljanlegar eru mjer hinar óviðeigandi ávitur háttv. fram-sögumanns meiri hlutans á kjósendur um-rædds kjördæmis fyrir það, að þeim hefur gramizt hin harðneskjulega meðferð og rangláta refsing, er þeir hafa sætt af hálfu sinnar eigin kjörstjórnar fyrir það eitt, að tvíbrjóta fáeina seðla, þar sem það aldrei hafði áður verið gert að ógildingarsök, og engin viðvörðun gegn því hafði fram komið, nje nokkurt eftirlit með því haft í þeim hreppum, er seðlarnir voru frá komnir; en mennirnir höfðu þannig greitt atkvæði sín „bona fide“ (þ. e. í góðri trú) og í öllu grandleysi, treystandi því, að þau væru nú sem fyr lögmet, gild og góð.

Um þessa tvíbrotningu eða fleirbrotningu seðla skal jeg játa það, að vel gæti verið óholt að taka hana fyrir góða vöru í Ameríku, þar sem alt gengur kaupum og solum og alt getur verið grunsamt. En hjer á landi hygg jeg, að slíkt megi grunlaust leyfa án nokkurrar áhættu. Eins og jeg hef tekið fram, þá hvílir öll sökin, ef yfirleitt nokkra sök er um að ræða, hjá kjörstjórninni.

Þá eru nokkur atriði enn þá, sem eru talsvert athugaverð, en jeg skal ekki fara langt út í, svo sem þá hugdirfð háttv. þm. V.-Ísf., að sitja sjálfur í yfirkjörstjórninni. Slíkt álit jeg injög varhugavert — og þótt

yfirkjörstjóri, stöðu sinnar vegna, eigi ekki hægt með að vikja sæti, þótt hann sje sjálfur frambjóðandi, þá álit jeg siðferðislega skyldu annara kjörstjórnarmeðlima að vikja, ef þeir bjóða sig fram — því þeir geta ef til vill notað kjörstjórastöðu sína til hlutdrægra afskifta af kosningunni, og úrskurðað gildi seðla sjer í vil, og er mjer ekki grunlaust um, að svo hafi verið í þetta skifti, þótt jeg ekkert fullyrði um slíkt — en hinu get jeg ekki tekið vel, að brigslað sje hjer á þingi kjósendum um það, þótt þeim verði hverft við, er atkvæði meira en 20 manns eru að engu gerð og kosningarrettur þeirra fyrir borð borinn, þvert ofan í allar venjur í sama kjördæminu og öðrum kjördæmum landsins. Jeg þykist hvorki vera ofstopamaður eða upphlaupsgjarn, en jeg mundi fyllast sárrí gremju, ef ætti að beita mig þeim órjetti. Enda hefur það þegar sýnt sig, hve gremjan hefur gripið um sig, þar sem á svo stuttum tíma safnast undirskriftir jafnmargra kjósenda. Og ekki er það af neinni ofstopa-„agitation“ af hálfu þess frambjóðandans, er þannig var bægt frá þingsetu; hann er svo valinkunnur og varkár sæmdarmaður, að væri hjer alt með feldu, hefði hann aldrei kært, og allir vita, að engum æsingum hefur hann hrundið á stað þar vestra; enda hefur hann allan þennan tíma dvalið í öðrum landsfjórðungi og ekki stigið fæti í V.-Ísafjarðarsýslu, og þarf enginn maður að ætla, að hann hafi kveikt þessa gremju, sem um kjördæmið hefur farið, eins og logi yfir akur. Nei! það er ranglætið, sem kjósendur eru beittir, sem kveikt hefur logann. Og því heimtar meiri hluti allra kjósendanna rjettilega, að kosningin sje gerð ógild, til þess að þeir, sem órjettinum eru beittir, fái að nota atkvæði sitt. —

Að svo mæltu skal jeg ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en vona, að hið háttv. þing taki orð mín til greina.

Skúli Thóroddsen: Þegar jeg sje álit nefndarinnar í máli þessu, get eg eigi annað en furðað mig á tillögum hv. meiri hluta hennar.

Jeg sje ekki betur, en að mál þetta liggja svo ljóst fyrir, sem frekast er unt. Það er við kosningu komiun fram vilji meiri hluta kjósandanna í kjördæmiun, — sá vilji, að þann manninn vildu þeir hafa að þingmanni sínum, sem eigi fjekk þó kjörbrjef. Og það að hann fjekk eigi kjörbrjef, það ersprottið af því, að hinn, sem fjekk kjörbrjefið (hr. Matth. Ól.) notaði atkvæði sitt í yfirkjörstjórninni — gegn atkvæði sýslumanns —, en með tilstyrk þriðja yfirkjörstjórnarmannsins, skoðanabróður síns, til þess að fá ógiltan 21 atkvæðaseðil.

Mjer virðist það nú liggja mjög ljóst fyrir, að þingmannsefnið, sem í kjörstjórninni sat, vissi vel, hvað hann gerði. Það fer ekki svo leynt í hreppunum, ef einhverjir kjósendur hafa margbrottið seðla sína — eða yfir höfuð ef eitthvað gerist, sem frábrugðið er að einhverju leyti í daglegu lífi —, að það frjettist ekki. Og það var hv. þingmannsefni líka fullkunnugt um, að í Auðkúlu- og Þingeyrarhreppum var kjósendum leiðbeint í þessu efni. Þingmannsefnið vissi því ósköp vel, áður en hann greiddi atkvæði í eigin máli, að margbrotnu seðlarnir hlutu að vera úr þeim hreppum, sem hann hafði minst kjörfylgi í — enda varð og niðurstaðan sú, að af 21 atkvæðaseðli, sem ónýttur var, átti hann aðeins 7, en síra Kristinn Danielsson 14, og hefðu þeir seðlar ekki verið ónýttir með atkvæði sjálfs þingmannsefnisins, þá hefðu úrslitin orðið önnur. Síra Kristinn Danielsson hefði þá fengið kjörbrjefið og haft 7 atkv. fleira.

Að athuguðu fyrgreindu verð eg því að halda því fram, að við kosninguna hafi komið fram *löglegur* vilji meiri hluta kjósenda, sem þinginu sé *skytt* að virða — og mig furðar á því, að meiri hluti nefndarinnar, sem lögfræðingar hafa þó setið í, skuli leyfa sjer aðra eins rökfærslu, og þá,

er þeir koma fram með, að því er snertir 35. gr. kosningarlaganna.

Hv. þm. Kjósar og Gullbr.sýslu hefur að visu tekið það glögt fram, en jeg skal þó leyfa mér, að benda á það aftur, að það er algerlega rangt hjá hv. þm. Akureyrar, að 35. gr. skapi ákveðið fast form, sem valdi ógildingun, sje eigi eftir því farið. Í greininni er aðeins um leiðbeiningu að ræða — og því geta orðin „brýtur einusinni saman“ ekki valdið ógildingun, þótt eigi sé eftir þeim farið, eins og glögt sjest af öðru í sömu gr.: þar stendur t. d., að hann eigi að gera krossinn „með blýanti, sem kjörstjórnin leggur til.“ Ef 35. grein skapaði fast form, þá ætti seðillinn að vera ógildur, ef kjósendi, t. d. af vangá, í stað þess að nota blýant kjörstjórnarinnar, tæki blýant úr sínum eigin vasa. Heldur hv. þm. Akureyrar, að slíkt valdi ógildingun? Þetta sýnir rökfærsluna. Sama er og, ef kjósendi kemst hjá því, að ganga að kassanum eins og stendur í greininni, en getur seiłzt til hans. Á seðillinn þá og að verða ógildur? Hve afskapleg fjarstæða slíkt væri, getur, hver maður sjeð. Þá stendur og í 35. gr. að kjósendi stingi sjálfur seðlinum í kassann. En sje hann nú svo skjálfhentur, að kjörstjórnin þurfi að hjálpa honum, á seðillinn þá að verða ógildur að álitu þessara hv. lögfræðinga?

Jeg vona nú, að allir sjái af þessu, að greinin er að eins leiðbeinandi, gefur að eins bendingar um það, hvernig heppilegast sje að fara að, til þess að alt fari vel úr hendi. —

Í 38. og 39. gr. er á hinn bóginn talið upp, hvað ógildingun kjörseðils eigi að geta valdið, og sú upptalning er úttæmandi; en þar segir í 37. gr., að eigi megi gera „rispu, blýantstrik eða önnur *slík* einkenni, er gert geti seðilinn þekkanlegan.“ Ef að tvibrotning seðils ætti að falla undir þessa grein, þá yrðu orðin „*slík* einkenni“ þýðingarlaus; og þá átti þar að eins að standa önnur einkenni.

Nú vitum vjer það allir, að það er vilji og andi laganna, að sá sje þingmaður, er flest atkvæði fær. Frá þessari reglu, að sá verði þingmaður, er flest atkvæði fær, gera lögin aðeins eina undantekningu, eins og sjest í 38. og 39. gr., þar sem þau krefjast þess, að sá vilji kjósandanna sje þó eigi tekinn til greina, sem ætla má að eigi sje hinn frjálsi, sanni og óháði vilji. — Í þessu skyni eru ákvæðin í 38. gr. — sbr. þá og 39. gr. — tilorðin, þ. e. að ógildingu kjörseðils eigi það að valda, sjeu sett á hann auðkenni, er geti gert hann þekjanlegan, þar sem á þann hátt mætti þá æ komast að því, hvort viðkomandi hefur kosið þeim eða þeim að skapi, — svo að frjálsi, sanni, alóháði viljinn gæti þá eigi æ neitt sin. En í tjeðum lagagreinum er nú tví — eða fleirbrotning seðlanna hvergi talið sem það, er ógildingu kjörseðils eigi að valda, og það er því ljóst, að með úrskurði sínum um ógildingu margbrotinna seðla, hefur yfirkjörstjórnin gert sig seka í rjettartröðkun, og traðkar þá ekki aðeins rjetti síra Kr. Danielssonar, þ. e. hins frambjóðandans, heldur og rjetti allra, er hann kusu, og að visu eigi aðeins traðkað þeirra rétti, heldur og rjetti allra, þar sem það væri rjettur allra, að engum væri rangt gert.

Bæði síra Kr. Danielsson, og kjósendur hans, gætu því eigi annað, en fundið sárt til þess, að þeir hefðu verið órjetti beittir, — og gætu þá og eigi annað fundið, en að hver einstakur þingmaður væri þeim hjálparskyldur, sem og að visu allir, — skylt, að þola það eigi, að rjetti þeirra væri misboðið, sem gjört hefði verið.

Enginn vafi væri og á því, að hver hinna háttvirtu þingmanna, er verið hefði í sporum síra Kristins, hefði þá og fundið ríkt til hins sama, — hefði þá fundið ríkt til þess, hve vafalaus rjetturinn væri, og hve ljótt það væri, að leyfa sjer, að koma fram með aðrar eins lögskýringar, eins og meiri hluti kjörbrjefanefndarinnar bæri á borð fyrir þingið.

En þá væri nú, að gleyma því eigi, að breyta við aðra, eins og hver háttv. þingmanna vildi, að við hann hefði breytt verið.

Í dómkirkjunni hefðu þingmenn heyrt á það bent, — þingsetningardaginn —, hve sjálfsögð, og fögur skylda það væri, að: „efla ríki sannleikans, rjettlætisins, og kærleikans,“ og hjer væri nú um það að ræða, að láta sannleikann, rjettlætið og kærleikann sigra, er til atkvæðagreiðslunnar kæmi.

En meiri hluti kjörbrjefanefndarinnar rjeðu þinginu til þess, að ganga í lið með þeim, er rjettinum hefðu traðkað, og væri það í meira lagi — öfugt og ranglátt. En ef hv. þing ákveður kosningu Matthíasar Ólafssonar lögmæta, þá styður það ósannindin og órjettinn — neitar að vernda rjettlætið og bakar kjósendum og öllu landi leiða.

En hyggðu þingmenn það borga sig?

Hvað findi hver þeirra, væri honum kvöld eða sársauki bakaður?

Hann findi óefað viðkomendur fá eitt-hvað í staðinn, fyr eða síðar, — fráleitt það, er kvölinni, sársaukanum eða leiðanum væri betra.

En annars væri það ekkert nýtt, að þeir, sem einhverjum gerðu rangt, eða ætluðu sjer að gera það, þættust þá eigi hvað sirt æ hafa rjettinn á sína hlið.

Frá þessu sjónarmiði — og frá því einu — yrði þá og rökfærslan í álitsskjali meirihluta kjörbrjefanefndarinnar skiljanleg:

En enda þótt síra Kristinn væri rjett kjörinn þingmaður Vestur-Ísfröðinga, hefði minni hluti kjörbrjefanefndarinnar þó eigi dirft, að leggja það til, að kosning hans væri samþykkt — sem eitt væri þó hið rjetta og sjálfsagða —, en hefði lagt það til, að ný kosning væri látin fram fara, því að eftir það er þingið 1909 hafði kveðið upp úrskurð í kosningarmáli móti rjetti og sannleika — og hafði ákveðið, að ný kosning færi fram, þótt auðsætt væri að sá, sem ekki fjekk kjörbrjefið var rjettmætur þingmaður. Þá fann það upp á því, til einhers konar yfirklórs, að búa til ný lög þess efnis, að

ef kosning einhvers þingmanns yrði talin ógild, þá skyldi altaf ný kosning fara fram. Allir hljóta að sjá, hve rangt þetta er, og hversu mikið vald yfirkjörstjórninni er fengið í hendur með því. Hún þarf ekki annað, en gera eitthvert dálítið glappaskot, til þess að þingið verði að ógilda kjörbrjefið — getur — og vjer þekkjum allir pólitiska ofsann, sem orðinn er hjer á landi — gefið einmitt þeim kjörbrjefið, sem ekki á að fá það, og knúið þannig nýja þingkosningu fram. —

Þá ber einnig að lita á það í þessu máli að þegar úrskurðarvaldið um gildi kosninga var lagt í hendur þingsins, en eigi dómstólanna, var það gert í því skyni, að þingið hefði frjálsari hendur, en dómstólarinn, þyrfti ekki að binda sig við strictum jus, en gæti þá fremur dæmt e bono et æquo, — þ. e. lítið á sanngirnis- og rjettlætis-hliðina.

En hjer hefðu kærendurnir eigi að eins sanngirnis- og rjettlætis-kröfuna sin megin, heldur og orð laganna.

Skylda þingsins, og rjettur kærandaanna væri því hvorttveggja deginum ljósara.

Guðjón Guðlaugsson: Orsökinn til þess að eg stend upp og ætla að leyfa mér að segja nokkur orð, er sú, að eg greip fram í fyrir háttv. þm. G. K. (J. P.) og neitaði því, að það væri orðinn fastur „praxis“ um land alt, að tvíbrotnir seðlar væru teknir gildir. Jeg er á þeirri skoðun, að þeir sjeu víða ekki teknir gildir, þótt það sjáist ekki í skýrslum um kosningarnar. Jeg veit eitt dæmi þess, að slíkt hefur átt sjer stað. Það var í Strandasýslu 1908. Þar komu tveir margbrotnir seðlar. Við þingmannaefnin urðum sammála um að ónýta þá, og við skoðuðum þá ekki. Kjörstjórnin fer í þessu efni venjulega eftir því, sem þingmannaefnin hafa komið sjer saman um. Svo voru 4—5 seðlar aðrir, er ónýttir urðu, sumir sem var ekki hægt að sjá, hver ætti. Þá er kosningu var lokið, rjeði kjörstjórnin, sem nú er starfsmaður hjer við þingið, það

af, að forvitnast um, hvor ætti seðlana. Það reyndist þá, að það þingmannsefnið, er kosningu náði, átti seðlana báða. Hann þurfti nú raunar ekki á þeim að halda, og hann fór ekki fram á það, að þeir yrðu teknir gildir, og þykir þeim, sem kosnir eru, þó altaf bezt að hafa sem flest atkvæði. Þetta hefur nú borið við í Strandasýslu og sjálfsagt víðar. Þingið getur ekki vitað, hvaða siðvenja drottnar út um landið í þessu efni. Það veit aðeins um, hvað margir seðlar eru gerðir ógildir. Hitt veit það ekki, af hvaða ástæðu þeir eru gerðir ógildir. Í Strandasýslu sýnist þessi ógilding seðlanna hafa haft mjög heilsusamlegar og heillaríkar afleiðingar. Við siðustu kosningar kom enginn seðill fleirbrotinn. Annar þessara tvíbrotnu seðla í Strandasýslu, átti listaskrifari í Árneshreppi, og fjekk eg að vita um það samdægurs, og bendir það á, að mörg brot á seðlum geta verið merki, er kollvarpa tilgangi laganna, — heimuglegheitunum. Það er í rauninni verstí ósiður að tvíbrjóta seðlana. Það hefði átt að framfylgja þessu ákvæði laganna miklu stranglegar en gert hefur verið. Af því að það hefur ekki verið gjört — auðvitað ávalt vegna samþykkis þingmannaefna eða þeirra umbjóðanda — eigum við í þessum deilum nú. Við skulum sjá, hvornig fer við næstu kosningu í Vestur-Ísafjarðarsýslu, ef þingið tekur þessa kosning gilda, hvort þá verða 21 seðlar gerðir ógildir vegna þess að þeir eru fleirbrotnir. Það er og álit mitt, ef þessi kosning verður gerð ógild, að þá fari þingið á háskalega braut í 3 aðalatriðum.

1. Þingið nemur ólöglega burt skírt og nauðsynlegt ákvæði úr lögum, en lögleiðir háskalega eyði í staðinn — í 35. gr. kosningarlaganna. —
2. Þingið hegnir fyrir vandvirkni og skyldurækni, en verðlaunar hroðvirkni og kæruleysi samfara ólögghlyðni.
3. Elur upp ósvífna undirskriftasmölun — ólöglega atkvæðagreiðslu eftir á —.

Jeg byrja á því síðasta, ef þingið tekur þessar áskoranir til greina um að ónýta kosninguna, þá hefur það þær afleiðingar í för með sjer, að það elur upp ósvífna undirskriftasmölun og kjósendur verða æstir til að kæra kosningar að ástæðulausu. Það er vist, að mál þetta hefur vestra verið sótt með frekju. Þó skal eg geta þess, að þingmannsefnið, sjera Kristinn Daniéls-son, sem sagður er mesti sómamaður, muni ekkert um þetta vita nje vera við það riðinn, og hann má því ekki taka þetta til sín, og það get eg sagt fyrir mig, að jeg hefði fremur tekið kærana til greina, ef hún aðeins hefði verið undirrituð af honum einum eða 2—3 góðum mönnum með honum, heldur en öllum þessum fjölda, sem vegna frekju forkólfanna og ístöðuleysis undirskrifanda hafa ljeð nöfn sín undir það, sem þeir sjálfir ekki skildu. Slik undirskriftasmölun er hverju hjeraði til van-sæmdar.

Þá er fyrsta atriðið, er eg vildi leyfa mjer að minnast á. Ef þingið ógildir þessa kosningu, þá hegnir það kjósendum fyrir vandvirkni og löghlýðni, en verðlaunar broðvirkni, óreglu og ólöghlýðni. — Hvað það snertir, að þingmanninn, Matthías Ólafsson, er sæti átti í kjörstjórninni, hafi eitthvað grunað um, hvort þingmannsefnið ætti fleiri hinna margbrotnu seðla, þá er það áreiðanlegt, að hann gat ekkert grunað um það. En ef kosning hans verður gerð ógild af þinginu, verða þeir hreppar verðlaunaðir, er sýnt hafa hirðuleysi og óreglu af sjer við kosningarnar, eins og jeg sagði áðan. Ef til vill hafa þessir seðlar verið brotnir saman, af því að kjósendur í þeim hreppum, þar sem seðlarnir voru fleirbrotnir hafa viljað sýna, að þeir væru dyggir og trúir liðsmenn. Sitthvað hefur nú heyrzt á alþingi Íslendinga, en aldrei þau firn, að hegna ætti kjósendum fyrir vandvirkni og löghlýðni með því að gera kosning þeirra ógilda. Þá kemur annað atriðið, sem eg vildi drepa á.

Með því að ógilda þessa kosning nemur alþingi úr gildi mikilsvert ákvæði í núgildandi kosningarlögum, 35. gr., þar sem sagt er ótvírætt, að seðlana skuli einbrjóta, og vel að merkja — nemur það úr gildi á ólöglegan hátt. Væri frumvarp samþykkt af þinginu, sem næmi þetta ákvæði úr lögum, þá væri það lögleg meðferð, þó heimskuleg væri, en það að nema það úr gildi með því að troða á því og einskis virða en láta það þó standa óhreift, er ólögleg og ósæmleg meðferð af löggjafarþingi.

Við frambjóðendur í Strandasýslu 1908 getum hrósað okkur af því, að við — báðir jafnt — gjörðum litið að því, að fá ógilta seðla hvor fyrir öðrum, þó eitthvert vansmiði væri á kross, en fleirbrotnu seðlana vorum við undir eins sammála um að ógilda, því við skoðuðum það lögbrot. Sje farið að gefa mönnum undir fótinn með að margbrjóta seðla, þá er ekki unt að sjá, hvar skal staðar numið í því efni. Brotin geta verið margvisleg og tilbreytingarnar nálega eins margar og á sauðfjármörkum. Það má brjóta upp á 1 horn, 2 horn, 3 horn og öll hornin, svo má einbrjóta, á eftir tvibrjóta, þribrjóta, fjórbrjóta, skakkbrjóta, hafa misjafnar álmur, búa til úr þeim umslög o' s. frv.

Menn sjá af þessu, að það er ekki tililsvert atriði, að þessu ákvæði laganna sje hlýtt rækilega.

Jeg get ekki hælt mjer af því, að jeg sje sjerstakur löggjafi þessara laga. Jeg er þar að eins brot úr löggjafa. En jeg get þó sagt það, að jeg sat í nefnd þeirri, er fjallaði um þetta mál í efri deild. En vjer deildarnefndirnar vorum á því, að ekki dygði að talið væri úr hreppskössunum, eins og ætlazt var til í frumvarpinu, eins og það þá lá fyrir; litum svo á, að með því móti yrði alt of litið úr heimulegheitunum. Og hef jeg þó stundum hálfíðrast eftir að hafa verið upphafsmaður að því, að öllum seðlum væri steypt í eitt ílát og ruglað saman áður talið væri.

Jeg hefði haft gaman af að vita, hvað mörg atkvæði jeg fengi úr hverjum hreppi. 1908 hafði einn hreppur í mínu kjördæmi brotið seðla sína öðruvisu, en þó löglega í alla staði — einbrotið — en seðlarnir voru lengri á annan veginn, og þessi hreppur hafði brotið þá langs, en hinir þvers.

Atkvæðagreiðsla þaðan reyndist nokkuð öðru vísi, en jeg bjóst við. Jeg taldi sjerstaklega atkvæði þessa hrepps og sá, að þar átti hinn frambjóðandinn 11 — jeg bjóst við 6 —. Og það get jeg sagt, að jeg þekki ekki þingmennina hjer í salnum betur en þessa 11. Þetta sannar það, að þó það reyndist erfitt, að merkja með broti seðil hvers einstaks manns, þá er svo einkar auðvelt að merkja seðla hvers hrepps; til þess fást yfrið nógar útafbreytingar, og afleiðingarnar verða gagnstæðar tilgangi laganna. Ef þingið ógildir þá kosning, sem hjer liggur fyrir til umræðu, þá hef jeg tilhneiging til að láta kjósendur mína margbrjóta seðlana og þannig auðkenna þá, að minsta kosti fyrir hvern hrepp.

Satt að segja skil jeg ekki í því, hvernig hjer sje að tesla um lagabrot, er fleirbrotnir seðlar voru ónýttir. Það er satt, að Matthías Ólafsson fjekk færri atkvæði en sjera Kristinn Danielsson. En það er kjósendum hans sjálfum að kenna, að kosning hans er ógild og ólögleg. Hvort sem það stafar af vanþekking, vangá eða undirlögðu ráði, er það þeim að kenna eins fyrir því. Jeg skil ekki, hvernig háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fer að lesa kosningarlögin. Hann, löglærður maðurinn, les þau eins og sagt er, að tiltekinn persóna lesi biblíuna. Eftir það, að jeg hef hlustað á þessa ræðu hans, þyrði jeg ekki að trúá honum fyrir að flytja mál fyrir mig, nema ef hann ætti að flytja rangt mál eða verja lögbrot. Út af orðum hins háttv. sama þm. N.-Ísf. get jeg þess, að jeg held, að Matthías Ólafsson hafi ekkert grunað um það, hverir ættu þá seðla, er voru fleir-

brotnir og ónýttir, og ræð jeg það af minni reynslu í þessu efni.

Háttv. þm. N.-Ísf. talaði eitthvað um blýant, hvort það væri ógildingarsök. ef kjósendi notaði sinn eiginn blýant til að gera strikið með. En kosningarathöfnin fer fram í luktum klefa, og enginn veit um það, hvaða blýant hefur verið notaður, ef það er blýant með likum lit. Fæstir, sem hafa blekblýant á sjer, en það væri auðvitað brot á lögunum. Hitt vita menn aldrei um og aðgæta lauslega. Geta vel verið komnir til þingsins fleiri hundruð seðlar, krossaðir með vasablýöntum kjósenda. Sömu leiðis mintist hann á, hvort það ætti að varða ógilding, ef veikum manni væri hjálpað til að kjósa. En þetta fellur alt um koll, því að nú eru komin út lög, er heimila, að hjálpa megi lasburða mönnum við kosningar. Og þar sem háttv. þm. N.-Ísf. var að spyrja um, hvort það ætti að vera ógildingarsök, ef seðlunum væri kastað í atkvæðakassann á þann hátt, er hann tiltók, þá er þar til að svara, að í 38. og 39. gr. kosningarlaganna stendur ekkert um, hvaða tilburði menn eigi að hafa, er þeir fara með seðlana í seðlakassann, hvort hann á að skrifa þangað eða hlaupa.

Í lok ræðu sinnar gerðist háttv. þm. N.-Ísf. mjög guðlegur og andlegur. Það er náttúrlega gott og fallet, að menn þjeddiki og reyni að vekja góðar og guðlegar tilfinningar í hjörtum manna. En það er samt að hafa hausavíxl á hlutunum, ef það ætti að gera ógilda kosning 80 manna, er kusu sem lögmentaðir menn, en gilda kosning 20 manna, er kusu ranglega, hvort sem það hefur verið óviljandi eða af ásettu ráði. Og það, sem kjósendur hafa gert rangt í þessu efni, verða þeir að kenna sjálfum sjer en ekki öðrum. Með því að taka þessa kosningu gilda, ímynda jeg mjer, að sje girt fyrir, að margbrotnir seðlar komi oftar úr þessari sýslu og jafnvel hvergi.

Það hefur verið talað um að banna frambjóðendum að sitja í kjörstjórn, og að sjerstakur dómstóll ætti að úrskurða um lögmati kosninga. Jeg er á sama máli um þau atriði bæði. En slíkt kemur ekki því máli við, sem er hjer til umræðu og úrslita.

Háttv. 2. þm. G.-K., talaði mikið um verklúnar hendur, að það mætti ekki ætlast til þess, að þær gætu alt af brotið seðlana, eins og lögin ákvæðu. En það er undarlegt, ef þreyttum mönnum er ljettara, að tvígera eitthvert verk, en gera það einu sinni, ef þeim er ljettara að brjóta seðilinn tvisvar en einu sinni, og að þessar verklúnu hendur geti gert viðunandi krossa, en geta þó ekki lagt gómana svo þjett að einbrotnum seðli, að ekki sjáist innan í hann.

Þá er mikið gert úr því, að yfirkjörstjórnin í Vestur-Ísafjarðarkjördæmi hafi verið mótfallinn því, að ógilda þá seðla, er ógiltir voru vegna brota. En það er hæpið að gera mikið úr því. Jeg var hringdur upp af Ísafirði í gær og sagt, að í Norður-Ísafjarðarsýslu hefðu tvíbrotnir seðlar verið lagðir til hliðar, meðan verið var að telja, en voru teknir gildir, er talningu var lokið, og það var orðið auðsætt, að úrslit kosninganna ultu ekki á gilding þeirra eða ógilding. Tveir menn eru nú staddir hjer í Reykjavík, sem geta vitnað, að jeg fer hjer með rjett mál. Sýslumaðurinn á Ísafirði getur því ekki hafa verið mjög mótfallinn því, að þeir væru gerðir ógildir.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Jeg ætlaði ekki að taka til máls að þessu sinni, og hefði ekki gert það, ef sessunautur minn, háttv. þm. Barðst., hefði ekki neytt mig til þess. En nú verð jeg að byrja á því, að segja fáein orð utan við þetta mál og utan við dagskrána, og hæstv. forseti verður að þola það, þar sem hann hefur vanrækt skyldu sína og látið það viðgangast, að þm., sem jeg nefndi áðan, væri að fara með lygasögur eftir Gróu á Leiti um

mig. (*Jens Pálsson*: Jeg tók afstöðu frá þeim orðum í nafni minni hluta nefndarinnar.) Jeg verð engu að siður að hafa leyfi til þess að bera það af mjer. Hann var, hinn háttv. þm., með einhverjar historiur um það, að jeg og annar maður til værum kjörnir af flokksins hálfu til þess, að verja þessa kosningu hjer í dag. Jeg gæti lagt þar við drengskap minn, að enginn maður hefur int eitt orð í þá átt í mín eyru. Jeg talaði í þessu máli á dögnum, þegar það lá hjer fyrir, en það gerði jeg af sjálfs min hvötum. Það er alveg eins um þetta, eins og um ritdóminn, sem hann var að segja að jeg hefði skrifað á móti eftir beiðni annara. Aldrei hafði neinn talað við mig um þann ritdóm, eða beið mig að skrifa á móti honum. Jeg skrifaði það eitt, som mjer fanst rjettlætisskylda knýja mig til. Jeg kallaði þetta lygasögur, en jeg segi ekki, að hann hafi logið þeim upp, heldur muni hann hafa notað óvandaðar heimildir. — Svo skal jeg ekki tala meira um þetta, en úr því að jeg stóð upp, ætla jeg að leyfa mjer að segja nokkur orð um málið sjálft, sem er til umræðu. Menn hafa talað hjer ákaflega langt mál um algerlega óviðkomandi efni, t. d. haldið tilfinningarikar ræður út af 34. gr. kosningarlaganna o. fl. Hjer hefur engum manni verið meinað að greiða atkvæði. Allir, sem óskuðu þess, hafa fengið sinn kjörseðil. En hins vegar ber kjörstjórnin enga ábyrgð á því, að menn kjósi löglega. Svo hefur verið, bæði á dögnum og núna, fírast mikið yfir þessum skjálfhendu, vinnulúnu vesalingum, sem endilega þurfa að tví- eða þribrjóta miðana. Jeg hef nú unnið það verk, sem þeir háttv. þm., sem þetta töluðu, hafa ekki lagt á sig. Jeg hef litið á alla þessa margbrotnu seðla og flokkað þá niður og hef nú öll þessi „corpora delicti“ á borðinu fyrir framan mig. Og það er fróðlegt að virða þá fyrir sjer. Hjer koma þá fyrst 9 seðlar, sem allir eru eins brotnir,

reyndar allir tvíbrotnir, en það á þann hátt, sem eðlilegastur er, sem sje einbrotnir, fyrst og síðan lagðir saman aftur. Þetta er mjög ógrunsamlegt, og af þessum atkv. á sjera Kristinn 5, en Matth. Ólafsson 4. En út af þessu, sem sagt er um vandann, sem á að vera á því, að einbrjóta seðlana, skal jeg geta þess, að allir þessir seðlar eru fyrst eins vandlega brotnir saman, eins og það hefði verið gert í Ísafoldarprentsmiðju, en svo eru þeir bara meira brotnir en einu sinni. — Allir hinir seðlarnir eru brotnir svo að segja hver á sinn hátt. Hjer eru nú t. d. 3, sem fyrst eru brotnir vandlega saman einu sinni og síðan aftur með kanti, eða skákanti, og eru þeir svo glögglega auðkendir, að ef samið hefði verið um brotið á þeim fyrirfram, þá lægi hjer fyrir greinileg kvittun fyrir því, að kosið hefði verið samkvæmt því samkomulagi. Hjer eru 2 enn öðruvisi, nokkuð svipaðir hvor öðrum, og þarna einn, sem fyrst er brotið upp á, svo að hylur nafnið, og síðan brotið upp á hann á móti hinumegin. (*Bjarni Jónsson*: Þessi mismunandi brot sáust ekki á seðlunum, áður en háttv. þm. tók við þeim.) Loks er hjer einn seðill, sem er svo brotinn, að ef hann væri ekki svo til kominn, sem hann er, þá skyldu menn sverja fyrir það, að nokkur annar en æfður „apótekari“ hefði getað gengið svona frá honum. Ef þetta er ekki einkenni á seðli, þá veit jeg ekki hvað einkenni er. — Háttv. þm. N.-Ísf. vildi halda því fram, að orðin „slík einkenni“ í 38. gr. kosningarlaganna frá 3. okt. 1903 ættu að eins við hvers konar strik á seðlunum, — með öðrum orðum, að þau orð visi eingöngu fram fyrir sig í greininni. En jeg segi, að þau orð visi engu síður aftur en fram fyrir sig, því að þarna stendur: „slík einkenni, er gert geti seðilinn þekktanlegan frá hinum seðlunum,“ og nú er það einmitt svo, að brotin á öllum þessum seðlum, nema þeim 9, sem jeg nefndi fyrst, einkenna þá, hvern um

sig, frá öllum hinum, og hljóta því að heimfærast til 38. gr. — Annað þótti mjer líka undarlegt hjá sama háttv. þm. Hann vildi ekki ógilda kjörseðil, nema hann bæri vott um það, að kjósandi hefði kosið á móti vilja sínum. Mjer skilst svo, að ef maður kys samkv. áður gerðum samningi og einkennir seðilinn, þá sje það vilji hans að sýna það, að hann hafi haldið samninginn og unnið fyrir borguninni, ef nokkur er. Menn verða að skilja það, að það skiftir engu máli, hver hefur meiri hluta allra atkvæða, heldur hitt, hver hefur meiri hluta löglega greiddra atkvæða.

Það kom fyrir nýverið í einu af bandaríkjum Ameríku, að það komst upp, að liðugur helmingur kjósenda hafði látið mæta sjer. Þau atkv. urðu auðvitað öll ónýt.

Jeg tek þetta fram sjerstaklega af því, að mjer hefur virzt það vera höfuðatriðið í rökfærslu þeirra háttv. þm., sem ónýta vilja þessa kosningu, að þeir vilja ekki dæma um þetta mál samkvæmt því, sem eru gildandi lög, heldur samkvæmt því, sem þeir vilja láta vera lög. En það er ófugt. Það á að dæma eftir gildandi lögum, meðan þau eru til, en breyta þeim, ef þau þykja órjettlát. Og það sem hjer á að dæma um, er þetta: Á að ógilda þessa kosningu fyrir það eitt, að kjörstjórnin hefur fylgt lögnum bókstaflega og nákvæmlega? Jeg segi nei. Því að hver getur verið öruggur um sig og sína kosningu, ef öll lög um þetta eiga að vera í lausu lofti og alt komið undir því, sem meiri hluti þingsins vill vera láta? — Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, enda er nú marg sagt alt, sem þarf í þessu máli.

Björn Kristjánsson: Það mun ekki hafa mikla þýðingu, að hafa mörg orð um þetta mál, og er líklega ljóst, hvernig muni eiga að fara með það hjer, en jeg vil þó tala nokkur orð og reyna eins og síðast að skýra það, sem ágreiningi veldur. Jeg sýndi þá við fyrri umræðu fram á það,

eins ljóslega og tveir og tveir eru fjórir, að það er ekkert brot á kosningarlögum, að margbrjóta kjörseðil. Jeg skýrði frá því, hvað sá, sem samdi lögin, hefði meint með 35. gr., sem sje það fyrst og fremst, að brjóta yrði seðilinn saman, til þess að nafnið sæist ekki, og svo í öðru lagi hitt, að óhentugt væri að brjóta hann oftar, því að þá gæti orðið örðugt að troða honum niður um þrönga rifu í atkvæðakassann. En hefði höfundur laganna búizt við því, að samanbrot á seðli gæti talist *einkenni* á honum, þá hefði hann að sjálfsgöðu orðið að semja langa grein einmitt um það efni. Og ef það hefði þá verið meining þingsins, að það skyldi vera ógildingarsök á seðli, ef hann er ekki nákvæmlega einbrotinn, þá hefðu verið sett skýrari ákvæði um það í lögin. Þetta er jeg líka viss um, að hver maður, *utan þingsins* að minsta kosti, muni skilja. Ákvæðið er að eins *leiðbeinandi*, að eins til alhugunar fyrir menn, til þess að kosningarathöfnin geti farið greiðlega fram.

Yfir höfuð voru lögin öll höfð ítarleg og alþýðleg, af því að ætlazt var til þess, að alþýða manna læsi þau og notaði fremur en flest önnur lög, og þess vegna eru í þeim þessar leiðbeinandi reglur, sem annars er ekki vani að hafa í lögum hjer á landi.

Mótstöðumenn minir í þessu máli hafa lagt alt kapp á það, að þessum lögum sje fylgt bókstaflega, og háttv. þm. Ak. tók það mjög skarpt fram, að það kæmi ekki málinu við, hvað lögjafinn hefði meint, sem mun vera alveg ný kenning. Jeg skil nú ekki þetta, því að ef það á að verða regla lögfræðinganna, að skilja lögin eingöngu eftir bókstafnum, en hugsa ekkert um anda þeirra, þá veit jeg ekki, hvað þeir ætla að gera við sínar lögskýringar. og það hefur þó annars ætíð verið venja þeirra, að rannsaka, hvað lögjöfunum hefur gengið til þess að setja lagaákvæðin og skýra þau svo samkvæmt því. — Nei,

alt þetta hjal um það, að þessi brot á seðlunum sjeu lögbrot, er alveg rangt, og líklega sagt sem slagorð til þess að „smitta“ fólkið. Til þess að sanna þetta nægir það eitt að benda á það, að sami lögfræðingurinn hefur setið í yfirkjörstjórn annarsstaðar og tekið þar gilda sams konar seðla og þá, sem hjer voru dæmdir ógildir. Sama hefur bæjarfógetinn í Reykjavík gert, sem *nú* vill ógilda seðlana. Hvernig eiga menn að una við það, að lögskýringarnar sjeu alt aðrar í yfirkjörstjórninni, en í þingsalnum? — Í sambandi við það, sem jeg sagði um 35. greinina, að hún væri *leiðbeinandi*, vil jeg líka benda á annað atriði, sem þeir hefðu gott af að hugsa út í, sem vilja skilja þá gr. svo strang-bókstaflega. Þar stendur að kjósandinn eigi að gera kross við nafn þess þingmannsefnisins, sem hann vill kjósa, og í lögnum er prentaður *ská*-kross, svona: X. Hvernig fer nú ef krossinn er gerður dálítið öðruvisi, t. d. svona: +? Ætla þeir að ógilda seðlana fyrir það? Ónei, það vita allir, að allur fjöldinn af kjósendum gerir krossinn einmitt svo, og dettur engum í hug að finna að því, og *þó er þetta öðruvisi í lögnum*, svo að þeir, sem vilja halda sjer við bókstafinn, ættu að geta sagt, að það væri gert af ásettu ráði, ef út af þessu er brugðið. Svona má sýna, hvernig alt fer í vitleysu, ef á að eltast við bókstaf laganna út í æsar. Þá veitti ekki af löngum lagabálki í viðbót, til skýringar, og þá er það skyldast þeim háttv. herrum, sem nú eru mótstöðumenn minir í þessu máli, að koma með þann lagabalk, því að fólkið verður þó að vita, hvernig það á að haga sjer í þessu, og jeg vil jafnvel segja, að kjósendur þyrftu þá einnig að ganga í skóla til þess að læra rjetta aðferð við kosningarnar; væri nauðsynlegt, að setja upp slíkan skóla í hverri sveit.

Það er nú einu sinni svo, að mönnum hættir mjög alment til þess, að brjóta kjör-

seðla oftast en einu sinni saman. Það sem veldur því, er það, að flestir eru vanir við það, að stinga hinum og þessum miðum í vasa sinn, buddu eða veski, og þurfa þá oft að margbrjóta þá, til þess að þeir komist þar fyrir. Þess vegna verður þeim það *ósjálfrátt*, að fara eins með kjörseðlana. Að minsta kosti sje jeg ekki aðra skýringu líklegri, þrátt fyrir öll ummæli háttv. þm. S.-Múl. — Þeir segja, hann og aðrir slíkir, að það eigi að brjóta seðlana einu sinni saman, og þá sje lögunum fullnægt. En jeg vil þá spyrja þá, og einkum lögfræðinginn, háttv. þm. Ak., hvernig honum lízt á þennan seðil, sem jeg held á og sem er einbrotinn saman *í horn*. Hann er einbrotinn, en hann er reyndar brotinn í horn, svo að úr honum tvöföldum verður *þríhyrna*. Hjer er annar einbrotinn, sem ekki er brotinn um miðjuna, heldur er bara brotið upp á hann öðru megin, mátulega mikið til þess að hylja nafnið. Samkvæmt lögskýringum þessara herra væru báðir þessar seðlar löglega brotnir, enginn vegur að gera þá ógilda, og hitt sjá allir jafnvel, að samkvæmt skoðun þessara sömu manna, eru báðir seðlarnir fullt svo einkendir sem þeir seðlar, er hjer er verið að deila um.

Allir sjá, með öðrum orðum, hvaða hugsunarvillu þeir fara með, og að þessar mótbárur eru einungis hártoganir, sem ekki er bót mælandi.

Jeg skal nefna enn eitt dæmi. Það þarf ekki að *brjóta* miðann saman, það má *leggja* hann saman, svo að nafnið sjáist ekki, og koma honum þannig niður í kassann, að hann opnast þegar þar er komið. Þetta hefur einmitt oft komið fyrir. Á nú að dæma þann miða ógildan? Ekki hefur það að minsta kosti verið gert hingað til. Yfirleitt eru þessar lögskýringar þeirra ekki mikils verðar, og jeg vildi óska, að þær hefðu aldrei komið hjer fram. Sízt máttu þær koma frá háttv. þm. Ak., eða háttv. þm. Vestm., þar sem þeir hafa áð-

ur tekið gilda samskonar seðla og þá, sem þeir vilja nú ónýta, þegar þeir sátu í kjörstjórn, enda hefur það vist alstaðar verið gert, nema ef til vill í Strandasýslu.

Það er sorglegt að sjá skýra lögmenn skifta þannig um lögskýringar, eins og þeir væru að hafa fataskifti. Það hefur borið töluvert á því, að þeir hafi gert það á síðari árum, og væri óskandi, að það legðist niður sem fyrst.

En þó jeg minnst á þetta, þá var það nú samt ekki aðal atriðið. Hitt er miklu meira um vert að *meiri hluti kjósanda* hefur óskað eftir, að kosning Matt. Ól. væri ekki tekin gild. Spurningin verður þá um, hvort þingið vill taka tillit til vilja meiri hluta kjósanda í kjördæminu. Þeir fara ekki fram á annað en, að kosið verði á ný, og ný kosning fái að skera úr.

Ef Matt. Ól. álitur sig eiga rjett til þingsetu, þá er engin hættu fyrir hann að ganga að þessu; hann ætti miklu fremur að vera þess fýsandi, að ný kosning færi fram. — Eins og allir vita, eru nú stjórnarskifti í vændum innan skamms, og tel jeg það hyggilegt af væntanlegri stjórn, sem auðvitað getur haft mikil áhrif á þetta mál, að láta þingið ekki skera úr, hver skuli vera kosinn, heldur kjósendur sjálfa. Eins og allir vita, er mikil óánægja í kjördæminu út af þessu, en hinsvegar er sjera Kristinn Daniélfsson hvergi nálægur til að „agitera“ — og mundi enda aldrei gera það, þó hann væri á staðnum, það er svo fjarri skapi hans. Mjer sýnist því af öllum ástæðum rjett að vísa þessu máli heim í kjördæmið aftur og láta kjósendur skera úr. Fyrir hina nýu þingræðisstjórn væri það mjög ófni- leg byrjun að úrskurða kosninguna gilda þvert ofan í yfirlýstan vilja meiri hluta kjósandanna. Að Matt. Ól. er ólöglega kosinn, tel jeg vist, að hvert mannsbarn á landinu *utan þingsins* skilji; málið er svo skýrt, að engum, sem óhlutdrægt vill dæma, getur dulizt, að seðlarnir eiga að vera gildir. Og þar sem nú svo stendur á, er það

alvarlegt ihugunarefni fyrir meiri hlutann, að kveikja ekki með þessu nýjan ófrið úr litlu efni. Því það verður ekki til að efla frið á þinginu, ef meiri hlutinn alveg að ástæðulausu — því hann er fullsterkur fyrir — samþykkir kosningu þessa ólöglega kosna manns. Jeg vona, að allir þingmenn sjái það, að best er að vekja ekki óánægju að ástæðulausu og því samþykkja, að ný kosning skuli fram fara.

Bjarni Jónsson: Jeg ætlaði ekki að standa upp, og þykir leitt að þurfa að lengja umræðurnar, en jeg neyðist til að mótmæla skýringum hv. 2. þm. S. Múls. á samsettu brotunum á seðlunum og grunsemðum þeim, er hann reyndi að vekja út af þeim. En úr því jeg stend upp á annað borð, vil jeg lýsa í fáum orðum skoðun minni alment á málinu. — Jeg vil byrja með því að lýsa því yfir, að þetta mál er mjer hvorki kappsmál nje flokksmál. Jeg er ekki varnarmaður neins hluta á þinginu, hvorki meiri nje minni, og tel sóma hvers þingmanns í því fölginn að skera fyrir sitt leyti úr hverju máli samkvæmt sannfæring sinni, en ekki eftir flokksfylgi nje neinu öðru. — Þá er fyrst að athuga, hvað eru lög í þessu efni. Lögfræðinga utan þings og innan greinir á um það. Jeg hef átt tal við marga velmetna lögfræðinga utan þings, og hef heyrt ýmsar skoðanir. En fleiri hafa þó fylgt mínum skoðunum á lögnum, en skilningi hv. þm. Ak. og meiri hluta nefndarinnar. Það er sannfæring mín, að í 35. gr. kosningarlaganna felist engin fyrirskipun, er skilja eigi bókstaflega, heldur sjeu ákvæði hennar aðeins leiðbeiningar, t. d. þar sem segir: „brytur kjósandi seðilinn einu sinni saman, gengur að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í kassann,“ o. s. frv.; þetta er alt leiðbeiningar, en eigi beinar skipanir, og yrði það aldrei gert að ógildingarsök, þó vikið væri frá þeim í litlu. Ef frávikning frá þessum leiðbeiningum væri ógildingarsök, þá ætti þess að vera getið í 38. og

39. gr., þar sem sett eru ákvæði um það, hvenær seðill skuli dæmdur ógildur, eða kjósandi kjósa aftur. En í hvorugri þessari grein er það ákveðið, að seðill skuli dæmdur ógildur, ef hann sje brotinn saman oftari en einu sinni. Að visu er hugsanlegt, að samsett brot komist undir orðin í 38. gr. „eða önnur slík einkenni,“ en það verður altaf álitamál í hvert einstakt skifti, hvort samsetta brotið sje þann veg lagað, að það geti verið einkenni.

Hefði nú undirkjörstjórninni þótt þessir seðlar, sem hjer um ræðir, grunsamlegir, þá hefði hún átt að gera þá afturræka og gefa hlutaðeigandi kjósendum nýja seðla. Þetta gerði hún eigi, og hefur því fyrir sitt leyti tekið seðlana gilda. Svo kemur yfirkjörstjórnin og ógildir þá. Þessum ógildingarúrskurði yfirkjörstjórnar hafa svo kjósendur áfrýað til alþingis, og á það að skera úr, hvor úrskurðuriun sje rjettari. Kjósendur fara ekki fram á það, að kjörstjórninni sje hegnt með sektum eða neinu því líku; þeir fara þess að eins á leit við alþingi, að það kveði upp annan úrskurð, sem ónýti úrskurð yfirkjörstjórnar, vegna þess að hann sje ólögmetur. — Til frekari stuðnings því, að þessi skilningur minn sje rjettur, vil jeg benda á það, að kjörstjórnir um alt land hafa látið fleirbrotna seðla óátalda, t. d. aðallega hjer í Reykjavík. Jeg var sjálfur fulltrúi eins þingmannsefnis hjer við síðustu kosningar; þá úði og grúði af fleirbrotnum seðlum, án þess nokkur þeirra væri gerður ógildur fyrir þá sök.

Það hefur verið sagt, að mótmæli hafi fram komið gegn seðlunum. Á hverju byggist það, eða hveirrar tegundar eru þessi mótmæli. Mjer vitanlega var gildi seðlanna aðeins mótmælt af einum manni, en hann var bæði þingmannsefni og yfirkjörstjórnarmaður. Hafi hann mótmælt sem þingmannsefni, þá var hann um leið óhæfur kjörstjórnarmaður („inhabil“), og átti að vikja sæti, því ekki gat hann verið dómari í sjálfs sín sök. En hafi hann sett fram

kröfu sína um ógilding seðlanna sem yfirkjörstjórnarmaður, þá er sú krafa ekki rjettnefnd mótmæli, heldur hefur yfirkjörstjórnin þar tekið upp hjá sjálfri sjer að ógilda seðlana. En eins og jeg hef þegar tekið fram hefur engin önnur kjörstjórn á landinu ógilt seðla fyrir þessa sök, og væri ekki rjett, að öðrum reglum og venjum væri fylgt þarna fremur en annarsstaðar um ógilding seðla, og því full ástæða fyrir alþingi til að kollvarpa þessum ógildingarúrskurði kjörstjórnarinnar. — Mjög merkur maður, sem viðstaddur var þegar talið var upp á Ísafirði, hefur sagt mjer af athöfninni. Hann segir, að auðvelt hafi verið, að sjá, þegar hvolt var úr hreppakössunum í aðalkassann, hvort seðlar yfirleitt voru tvibrotinir eða fleirbrotinir. Þegar hvolt var úr Súgandafjarðar kassanum, hafði einhver, er viðstaddur var, sagt, að hjer væru margir tvibrotinir, og sagði Matth. Ól. þá, að hjer yrðu fáeinir ógildir. Þetta hefði verið skilið sem mótmæli, og þegar fyrsti tvibrotni seðillinn var tekinn upp úr aðalkassanum, hafði oddviti kjörstjórnarinnar sagt, að bezt væri að gera strax út um gildi tvibrotinna seðla. Hafði þá Matthías strax sagt, að ekki gæti komið til mála að taka þá gilda. Oddviti kjörstjórnarinnar hafði sagt það venju að taka ekki á slíku, ef ekki væri meira að, en Matthías hafði sagt, að það væri móti lögunum. Þá er spurningin, hvort mótmæli Matthíasar gegn gildi tvibrotinna og fleirbrotinna seðla, og úrskurður kjörstjórnarinnar að ógilda þá, hafi getað stafað af hlutdrægni, eða með öðrum orðum, hvort Matthías hafi getað haft fyrir fram hugmynd um, hverjum það yrði í hag, að seðlarnir yrðu ógildir. Nú vita menn, að í tveim hreppum þar sem Matthías hafði aðalfylgi sitt, hafði þess verið vandlega gætt, að tvibrjóta eða fleirbrjóta enga seðla, en aftur á móti hefði þessa ekki verið svo vandlega gætt í tveim öðrum breppum, þar sem síra Kristinn Danielsen hafði aðalkjörfylgi sitt, og kom það

til af því, að kjörstjórnin hafði áður tekið slíka seðla gilda. Þetta vissi Matthías og gat sjeð, þegar hvolt var úr kössunum, og er því ekki ósennilegt, að hann hafi rent grun í, að það mundi vera sjer til hags, ef seðlarnir yrðu ógildir. Um Súgandafirðinga var, eftir því sem skilvis maður hefur sagt mjer, þegar daginn áður en talið var, komin sú fregn, að þeir hefðu fleirbrotið seðla; en þeir eru miklir fylgismenn síra Kristins. *Cui bono* — hverjum til hags —, er gömul setning. Það er altaf óhættast, að gera ráð fyrir, að menn geri frekar sjer í hag en óhag. Þótt engar líkur lægu fyrir, þá er þegar í sjálfu sjer sennilegt, að Matthías hefði ekki krafizt ógildingar á seðlunum, nema hann hefði grunað, að keppinautur hans hafi átt meiri hluta þeirra.

Mjer hefir heyrzt á sumum hv. þm., að þeir hræðist, að það muni hafa einhverjar voðalegar afleiðingar, ef alþingi kollvarpar úrskurði yfirkjörstjórnar. Mjer er ómögulegt að sjá, að þær geti orðið háskalegar. Jeg hygg, að þær muni eigi verða aðrar, en að menn segðu, að hjer hefði alþingi sýnt, að það vildi enga hlutdrægni í frammi hafa, þar sem meiri hlutinn mat meir rjettinn, en vildi ekki neyta afls síns til að gera þennan fylgismann sinn að þingmanni.

Jeg get ekki stilt mig um að átelja þau óhæfilegu ummæli hv. þm. Ak., er hann talaði um atkvæðasmölun í sambandi við þessa kröfu kjósanda. Það er óhæfileg móðgun við kjósendur að tala um þá eins eins og þeir væru kvikfjenaður; að halda, að hægt sje að smala þeim saman til að skrifa undir skjöl til alþingis um að ónýta kosningu þess manns, sem þeir hafa kosið! Kjósendur hljóta að álita þetta einkennilega hæversku. Sennilega hefur hv. þm. annað orðalag á kosningafundum. Það var sagt, að það sýndi frekju að meir en helmingur kjósanda kærði þessi kosningar-úrslit. En það sýnir, að mínu áliti meiri frekju, að eigna það undiskriftasmölun, er kjósendur bindast samtökum um að gera tilraun til að hafa rjett

sinn fram. Því að sú eina rjetta ályktun af kærandaþjöldanum er sú, að svo rangur hafi mönnum þar vestra þótt úrskurðurinn, að jafnvel hafi mörgum af kjósendum Matthíasar eigi þótt unandi við það.

Þá kem jeg að lokum að þessum nýja Sherlock Holmes okkar, sem þóttist sjá hin og þessi margvisleg og einkennileg brot á seðlunum, sem gætu verið auðkenni. Jeg skal geta þess, að jeg var í kjördeild þeirri, er hafði seðlana til athugunar og skoðaði þá því vel, og auk þess athugaði öll kjördeildin þá, og enginn okkar uppgötvaði nein grunsamleg eða margvisleg brot. Við sáum aðeins tvennskonar brot, tvíbrot og krossbrot. Sama segir í álitni meiri hl. nefndarinnar, að hinir ógildu seðlar hafi verið nokkrir tvíbrotnir og nokkrir krossbrotnir. Hin brotin, er hv. þm. S.-Múl. talaði um, hljóta því að hafa orðið til eða uppgötvast á skrifstofu sannsöglinnar. Mjer finst satt að segja ekki mega minna vera, en að kjósendur sjeu látnir óáreittir hjer á þingi, en ekki brigslað um, að þeir auðkenni atkvæðaseðla sína, eða hnútum sje kastað til þeirra fyrir að vera svo djarfir að bera upp rjett mál.

Guðlaugur Guðmundsson: Það hefur litla þýðingu að lengja umræðurnar um þetta mál. Það liggur mjög skýrt fyrir: á alþingi að fella úr gildi úrskurð yfirkjörstjórnarinnar, sem er fyllilega bygður á ákvæðum laganna? Annað er það ekki. Háttv. 2. þm. G.-K. vil jeg svara því, að engar upplýsingar liggja fyrir um það, að hin ólöglegu brot sjeu því að kenna, að kjósendur hafi verið fatlaðir; þvert á móti. Seðlarnir voru mjög laglega brotnir saman í fyrsta sinn. Að því er snertir margföldu brotin í seðlunum, sem háttv. þm. Dal. mintist á, skal jeg geta þess, að jeg athugaði seðlana að eins lauslega, meðan jeg hafði þá undir hendi og veitti því ekki sjerstaka eftirtekt, hvort þeir væru þann veg brotnir, að ástæða væri til að ætla, að brotin væru einkenni. Þess gerðist

heldur ekki þörf, því þeir voru ógildir, þó svo væri ekki. En hafi brotin verið auðkenni, þá er líka auðvitað engum blöðum um það að fletta, að þeir eru tvímælaust ógildir í sjálfu sjer samkvæmt 38. gr. laganna. Brot er engu síður einkenni en strik. — Það er tekið fram í nefndarálitni meiri hlutans, að slík óvandvirkni í atkv. greiðslu, sem komið hafi fram í Vestur-Ísafjarðarsýslu, er mjög ámælisverð, þar sem 50 seðlar eru gallaðir af 276. Sje þetta borið saman við önnur kjördæmi, þá sjezt það, að hvergi hafi óvandvirknin verið jafnmikil. Í Mýrasýslu er tala ógildra seðla lægst, 2%, að eins 4 af 227. Næst henni er Árnessýsla með 18 ógilda af 678 seðlum. Næst hæst er tala ógildra seðla í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem sje 47 af 725 seðlum. Það er 7%.

Að samdóma álitni allra eru í Vestur-Ísafjarðarsýslu ógildir alls 18% af seðlunum. Þetta er langtum meira en í nokkru öðru kjördæmi landsins.

Að úrskurður yfirkjörstjórnar sje í alla staði skýr og lögum samkvæmur, getur vist enginn efað.

Látum svo vera, að þetta sje sem kallað er „strictum jus“ — strangur rjettur —; en hjer er um svo mikla vanrækslu og mikið skeytingarleysi að ræða, að fullkomin ástæða er til að taka hart á þessu. Það er skylda þingsins að halda uppi reglu og hlýðni við kosningarlögin, en á alls ekki að verðlauna vanrækslu og skeytingarleysi.

Háttv. þm. N.-Ísf. talaði af miklum móði um, að vilji meiri hluta kjósanda væri fyrir borð borinn í þessu máli. Þetta er alveg rangt.

Hinn sanni og löglegi vilji kjósandanna hefur ekki komið fram í öðru en því, og getur heldur ekki komið fram í öðru en því, að kosning Matthíasar Ólafssonar sje gild metin.

Þá er það og gersamlega rangt, að þingmannsefni, er í kjörstjórn situr, hafi ekki

leyfi til að mótmæla og úrskurða; því hann er einmitt hvorttveggja; er um leið bæði þingmannsefni og kjörstjóri, og það er í alla staði löglegt.

Háttv. 1. þm. G.-K. sagði áðan í ræðu sinni, að jeg talaði alt öðru vísi og ályktaði hjer í þingsalnum, en í mínu kjörstjórásæti. Hvaðan kemur háttv. þm. sú vízka? En það er töluverður munur á því, til hvers kjörstjórn er skyldug, eða hvað hún hefur *leyfi* til að úrskurða um.

Það var talað um það áðan hjer í deildinni, að orð mín um freka atkvæðasmala væru lítilsvirðandi í garð kjósandanna. — Þessu mótmæli jeg algerlega.

Jeg vil að lokum leyfa mjer að spyrja háttv. þm. Dal., á hvaða undirstöðu hann haldi að leynd kosningarlaganna sje bygd —. Hún er sem sje á engu öðru bygd en því, að til væru í kjósandaflökki víðsvegar um land svo háðir menn, að þeir ættu á hættu að geta kanske ekki að öðrum kosti neytt atkvæðarjettar síns.

Að svo mæltu endurtek jeg það, að þingíð á vafningalaust að taka þessa kosningu gílda.

Jens Pálsson: Jeg þarf ekki að tala langt mál. En háttv. þm. Strand. gaf mjer þó tilefni til nokkurra athugasemda.

Háttv. þm. mintist á í hinni löngu ræðu sinni, að í Strandasýslu væri farið eftir því, um hvað frambjóðendurnir kæmu sjer saman.

En hvað snertir þetta tilfelli, vil jeg leyfa mjer að vekja athygli á því, að merkur maður, umboðsmaður hins fjarverandi þingmannsefnis, mótmælti því undir eins fastlega, að hinir fleirbrotnu seðlar yrðu ógiltir.

Háttv. þm. Strand. talaði af miklum móði um einhverjar þrjár háskaleiðir í máli þessu; annars virtist mjer hann víðhafa nokkuð sterk orð. Hann bar það fram, háttv. þm., að þetta gæti orðið til þess að æsa upp í kjósendum ósvífna

frekju; á hverju hann byggir þessi ummæli sín, er mjer óskiljanlegt.

Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að í Kjósar- og Gullbringusýslu hafa allir vafa-seðlar verið lagðir til hliðar og síðan rannsakað, hvort þeir heyrðu undir 38. gr. kosningarlaganna, því þá voru þeir auðvitað metnir ógildir, en annars ekki.

H. framsögumaður meiri hlutans sagði, að þetta umrædda fleirbrot á kjörseðli heyrði undir 35. gr. kosningarlaganna; en jeg þykist hafa leitt skýr rök að því, að grein þessi er einungis „instrúerandi“, og að ósamþýðanlegt hafi verið 17. gr. stjórnarskrárinnar og gíldandi kosningarlögum, að leggja í hana annan skilning, — að minsta kosti þangað til lögin um breyting á kosningarlögum 1909 komu til með sína 6. gr.; og jeg fullyrði, að eins eftir það hafi umrædd 35. gr. haldið sinni upprunalegu þýðing og haldi henni enn, með því að ekkert er það í nefndum lögum frá 1909, er bendi á hið gagnstæða. Jeg verð því gjörsamlega að mótmæla því, að breytingarlögin frá 1909 geri nokkra breytingu á eðli og þýðingu 35. gr.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um mál þetta.

A eitt vil jeg þó enn minnst, það: — þingíð er enginn júrídískur dómstóll um þetta mál, og því ekki bundið við *bókstaf* laganna, — heldur er það gerðardómur og á að fara eftir anda laganna; því ber fyrst og fremst síðferðisleg skylda til þess, að athuga þetta deilumál sem gerðardómsmál, með rjettsýni og sanngirni frá öllum hliðum.

Jeg vil ekki dróttu neinu að þessum h. þm. V.-Ísf. En maður má ekki styðja umkvartað og umþráttá gíldi kosningar hans, nema maður sje sannfærður um, að maður með því sje að styðja rjettan málstað. Jeg sje heldur ekkert í hættunni fyrir hann, þó að kosningunni sje vísað heim. Hafi hann þá meiri hluta fylgi við endurkosn-

ingu, verður hann löglegur þingmaður kjördæmisins, og kemur hingað bráðlega aftur, en hafi hann það ekki, á hann heldur ekki að vera þingmaður.

En það sem á þessu kosningarlagasvæði umfram alt verður að girða fyrir með lögum, er það, að frambjóðandi sitji í kjörstjórn og úrskurði um greidd atkvæði eða atkvæðaseðla, hvort góðir sjeu og gildir eða ekki, og dæmi þannig í sjálfs sín sök.

Lárus H. Bjarnason: Jeg var einn í kjörbrjefadeild þeirri, er hafði kjörbrjef h. þm. V.-Ísf. til meðferðar, og er því allkunnugur málavöxtum.

Því skal þegar jatað, að aðferð yfirkjörstjórnarinnar var þannig háttað, að hún getur orkað tvímæla. Það er vel fallið til þess, að vekja grun, að háttv. þm. sat sjálfur í yfirkjörstjórninni, að hinn meðkjörstjórninn hafði áður úrskurðað fleirbrotna seðla gilda, og að þeir 2 úrskurðuðu margbrotnu seðlana ógilda gegn atkvæði sýslumanns. En þetta getur þó ekki riðið baggamuninn að lögum. Úr því að kjörstjóri má vera þingmannsefni, má hann líka taka þátt í öllum gerðum kjörstjórnar, og margbrotnu seðlarnir, sem teknir höfðu verið gildir 1908, voru ekki heimtaðir ógildir. Hitt er sjálfgefið, að meiri hluti kjörstjórnar verður að ráða, hver sem minni hlutinn er.

Það er enginn vafi á því, að fleiri brot en 1 á seðli, er brot á *bókstaf* 35. gr. kosningarlaganna. Það á að brjóta seðilinn „einu sinni saman“, en það er sama og bann gegn fleiri brotum. Það er og vafalaust, að fleiri brot *geta* upplýst um það, hvernig kosið hafi verið og væri þá um *efnisbrot* að ræða. Það má brjóta seðil á marga vegu, svo sem þm. Strand. sýndi fram á. Brot geta þannig verið tilsögn um það, hvernig kosið hafi verið, ekki síður en önnur merki. Seðill, merktur með öðru merki en krossi, eða með krossi utan hringsins eða krossmerki með öðruvísi litum blýant en svörtum, mundi vera

ógildur. Slik meðferð á seðli færi bæði í bága við bókstaf 35. gr. og tilgang, að halda atkvæði kjósanda leyndu, enda beint sagt í 38. gr., að slíkt varði ógilding.

Nú er hið sama að visu ekki sagt jafnbært um fleiri brot en eitt. En einhver verður afleiðing þess að vera. Annars væri ákvæðið ónýtt. Afleiðingin getur ekki komið niður á kjósanda fremur en fyrir önnur brot á 35. gr. Nulla poena sine lege: engum verður refsað, nema lög leggi refsing við, en slíkt refsíakvæði vantar algerlega. Afleiðingin getur ekki bitnað á undirkjörstjórn, því að hún *má ekki* hafa nein afskifti af atkvæðagreiðslu kjósanda, nema því að eins að kjósandi óski, sbr. 6. gr. laga nr. 15, 9. júlí 1909. Afleiðing þess, að seðill er fleirbrotinn, verður því að lenda á *þingmannsefnunum*, á sama hátt og aðrar yfirsjónir kjósanda. Seðillinn verður að teljast ógildur.

Þá er að eins eftir að vita, hvort fleiri brot en 1 eigi fortakslaust að varða ógildinguna seðils, eða *því að eins* að ógildingar sje krafizt. Það væri líklegast samræmast 38. gr., að margbrotni seðill væri fortakslaust ógildur, en því hefur ekki verið framfylgt af yfirkjörstjórnnum eða alþingi. En eigi bannið gegn mörgum brotum að hafa einhverja þýðingu, *verður* að minsta kosti að ógilda margbrotni seðil, sje þess krafizt.

Þess hefur eigi verið krafizt áður, svo að vitanlegt sje, að margbrotnir seðlar væru ógiltir, enda slíkir seðlar teknir gildir, t. d. hjer í Reykjavík við síðustu kosningar. Vestra var *krafizt* ógildingar á margbrotnu seðlunum, er fyrsti seðillinn kom fram. Því er það ekkert fordæmi hjer, þó að margbrotnir seðlar, er enginn heimtaði ógilda, hafi verið teknir gildir hingað til.

Hitt, að Matthias Ólafsson hafi beitt hlutdrægni við kosninguna, það er eitt af því, sem má segja, en ekki sanna, Væri svo, að það yrði sannað, þá væri alt öðru máli að gegna; en það verður víst aldrei sann-

að, það er ekkert annað en laus tilgáta. Jeg sje því ekki betur, en að hið eina rjetta sje að samþykkja þessa kosningu, og þrátt fyrir allar upphrópanir um sannleika, rjettlæti og kærleika, mun jeg fylgja sannfæringu minni og lýsa kosninguna gilda með atkvæði mínu.

Fleiri tóku ekki til máls, og var þá gengið til atkv. um það, hvort taka skyldi gilda kosningu Matthíasar Ólafssonar. — Svo hljóðandi ósk var fram komin:

„Vjer undirskrifaðir óskum, að haft sje nafnakall við atkvæðagreiðsluna um það, hvort kosning Matthíasar Ólafssonar sje tekin gild.“

Alþingi 19. júlí 1912.

Björn Jónsson,
Jens Pálsson,
Skúli Thoroddsen,
Þorleifur Jónsson,
Björn Kristjánsson,
Ólafur Briem,
Benedikt Sveinsson,
Bjarni Jónsson,
Jósef J. Björnsson,
Björn Þorláksson.

Var síðan nafnakall viðhaft og sögðu:

Já: Nei:

Jóh. Jóhannesson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónss. 1. Rang.	Björn Jónsson,
Einar Jónss. 2. N.-M..	Björn Kristjánsson,
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Guðjón Guðlaugss.,	Jens Pálsson,
Guðl. Guðmundsson,	Jón Jónatansson,
Halldór Steinsson,	Jósef Björnsson,
Jón Jónsson, Rvk.,	Ólafur Briem,
Jón Magnússon,	Sigurður Sigurðsson,
Jón Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Július Havsteen,	St. Stefánsson, 5. kgk.,
Lárus H. Bjarnason,	Valtýr Guðmundsson,
Pjetur Jónsson,	Þorleifur Jónsson.
Sigurður Eggerz,	
Steingr. Jónsson,	
St. Stefánsson, Eyf.	

Tryggvi Bjarnason,
Þórarinn Jónsson.

Þeir þingmenn greiddu eigi atkv., þeir Sigurður Stefánsson, Kristján Jónsson og Magnús Andrjesson. Fjarverandi: Jón Jónsson (S.-Múl.) og Agúst Flygenring. Töldust þeir, sem ekki greiddu atkvæði, til meiri hlutans, og var því kosningin lýst gild með 22 : 14 atkv.

Á 4. fundi sameinaðs þings, miðvikudaginn 7. ágúst kl. 11¹/₂ árdegis, var tekin fyrir prófun kjörbrjefs 1. þm. Suður-Múla-sýslu (Jóns Jónssonar), sem verið hafði fjarverandi sökum veikinda. Allir þingmenn viðstaddir.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg vil sem framsögumaður kjörbrjefanefndarinnar geta þess, að hún hefur haft kjörbrjef 1. þm. S.-Múl. (J. J.) til athugunar. — Þess skal og getið, að einn nefndarmaðurinn er sjúkur. — Það eru engir formgallar á því, og engin kæra hefur framkomið um kosninguna, og nefndin ræður því til, að kosningin sje samþykkt.

Var þá gengið til atkvæða, og var kosningin samþykkt í e. hlj.

Ný forsetakosning.

A 4. fundi sameinaðs þings, miðvikudaginn 7. ágúst, tók forseti þingsins, Hannes Hafstein, undir eins og fundurinn var settur, til máls.

Forseti (Hannes Hafstein): Áður en gengið er til dagskrár, vil jeg leyfa mjer að biðja hið háttvirta alþingi að veita mjer lausn frá forsetastörfum. Síðan jeg var kosinn forseti, hefur konungur kvatt mig til að vera ráðherra, eins og háttv. þingi er kunnugt, og jeg tel þá stöðu mína ekki geta samrýmzt því, að jeg sje forseti.

Var þá gengið til atkvæða.

ATKVGR.:

Forseta veitt lausn í e. hlj.

Gekk þá varaforseti sameinaðs þings, 2. kgk. þm. Eiríkur Briem, til forsetasætis og stýrði fundinum.

Var því næst tekið fyrir að kjósa nýjan forseta.

Kosningu hlaut Jón Magnússon, þingmaður Vestmannaeyinga, með 22 atkv. Jóhannes Jóhannesson og Lárus H. Bjarnason fengu 1 atkv. hvor. 14 seðlar voru auðir.

Þá gekk hinn nýkosni forseti til forsetasætis og mælti:

Jeg þakka þinginu fyrir þann heiður, sem það hefur sýnt mjer.

Með því að ekki eru fleiri mál á dagskrá, segi jeg fundi slitið.

Ferðakostnaðarnefnd.

Á 5. fundi sameinaðs þings, föstudaginn 16. ágúst, var samkvæmt dagskránni tekið fyrir að kjósa menn í nefnd til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna. Á fundinum mættu að eins 26 þingmenn. Nokkrir þeirra, er fjarverandi voru, voru forfallaðir.

Forseti: Það hefur verið venja á fyrirfarandi þingum, að ferðakostnaðarnefndin hefur verið skipuð 5 mönnum, og sting jeg upp á, að því sje svo hagað enn, og hafi enginn neitt við það að athuga, þá skoða jeg það sem samþykkt án atkvæðagreiðslu.

ATKVGR.

Í nefndina voru kosnir:

Ólafur Briem með 22 atkv.,

Sigurður Stefánsson með 16 atkv.,

Eggert Pálsson með 12 atkv.,

Steingrímur Jónsson með 11 atkv.

Næst fengu:

Björn Þorláksson 7 atkv.,

Einar Jónsson, þm. N.-Múf. 6 atkv.,

Einar Jónsson, þm. Rang. 6 atkv.

Var þá kosið aftur óbundnum kosningum og hlaut kosningu sem fimti maður í nefndina

Björn Þorláksson með 13 atkv.

Í nefndinni var Ólafur Briem kosinn formaður og Steingrímur Jónsson skrifari.

Sambandsmálið.

Á 6. fundi sameinaðs þings, fimtudaginn 22. ágúst, var samkvæmt dagskránni tekin fyrir tillaga til þingsályktunar um sambandsmálið (352), hvernig ræða skuli, og hafði tillögunni verið útbýtt daginn áður. 23 þingmenn voru mættir á fundinum.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á einni umræðu.

Var það samþykkt með 23 samhljóða atkv.

Á 7. fundi sameinaðs þings, föstudaginn 23. ágúst, var tekin til einnar umræðu tillaga til þingsályktunar um sambandsmálið (þgskj. 352.) Allir óforfallaðir þingmenn á fundi, nema 1. þm. G.-K. (Björn Kristjánsson).

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Um tillögu þá, sem fyrir liggur, þarf jeg ekki að fara mörgum orðum.

Það er öllum vitanlegt, að mikill meirí hluti alþingis óskar þess, að tilraun sje gerð til nýrra samninga um sambandið milli Danmerkur og Íslands. — Hið sama hefur og komið fram á síðustu þingmálafundum. Af þeim hafa 35 fundir í 16 kjördæmum óskað þess, að málinu væri hreyft á þessu alþingi; 8 fundirnir hafa ekki viljað láta hreyfa því, en á 4 fundunum hefur engin ályktun verið tekin um málið. Þessi tillaga er því í fullu samræmi við vilja þingsins og þjóðarinnar, og jeg vænti þess því, að hún nái samþykki. Jeg skal geta þess, að það hefði máskje verið heppilegra að setja í stað orðanna „nýrra samn-

inga“ í tillögunni orðin „samninga af nýju“, en jeg vona, að þetta geti ekki valdið misskilningi.

Það er sjálfsagt, að árangur sá, er verða kann af þessum tilraunum, verður lagður undir atkvæði þings og þjóðar, áður en nokkru verður til lykta ráðið. Það er því ekki tímabært að fara nú að fara út í einstök atriði málsins. Til þess mun gefast kostur, þegar einhver árangur liggur fyrir af þessum tilraunum, sem hjer er talað um.

Skúli Thoroddsen: Þegar litið er á þingsályktunartillöguna, sem hjer liggur fyrir, þá rekur maður strax augun í einn mjög tilfinnanlegan galla, sem á henni er, og er hann sá, að talað er um, að leita skuli nýrra samninga, en ekkert getið um það, í hvaða átt ætlast er til, að samningarnir gangi. — Ráðherraum, sem þingsályktunartillagan beinist að, honum er ekki falið annað, en að leita nýrra samninga í sambandsmálinu. Honum er ekki bent á það með einu orði, hverju þingið ætlast til að hann haldi fram, hvort það vill byggja á sama grundvellingum, sem lagður var af meiri hluta þingsins 1909, og meiri hluti þingsins 1911 hjelt einnig fram, eða byggja skal á grundvellingum, sem felst í frumvarpi meiri hluta millilandanefndarinnar 1908. Eða á hann að bera fram einhverjar enn aðrar og nýjar breytingar?

Þetta tel jeg stórvægilegan galla á tillögunni, því að ekki get jeg skilið, að mönnum sje sama um það, um hvað samninganna er leitað. — Það skiftir mestu, hvað Íslendingar hugsja sjer að bjóða eða vilja láta sjer nægja. Jeg get ekki hugsað mjer, að öllum sje sama um þetta, en þó skyldu menn helzt ætla, að svo væri, þegar á tillöguna er litið.

En er eigi svo, að þessu viki svo við, að flutningsmenn tillögunnar, og þeir, sem þar standa að baki, hafi í raun og veru enn eigi getað komið sjer saman um neitt

annað, en í henni er, þ. e. orðið ásáttir um að semja við Dani, en vitandi enn eigi sjálfir, hvað þeir vilja?

Óneitanlega var það þó það, sem á undan öllu öðru þurfti að ganga, og sjerstaklega þarf mönnum þá og að vera það ljóst, að sízt á við að fara að semja við Dani um atriði, sem enga samninga þarf um.

En svo er um atriðin, sem tekin voru fram í þingsályktunartillögunni, sem borin var fram í neðri deild fyrir skömmu, þ. e. í þingsályktunartillögunni um „rikisrjettindi Íslands“, er viðurkend verða að teljast af löggjafarvaldinu danska, því að eigi þarf að semja um þau. Vjer þurfum t. d. ekki að leita neinna samninga um það, hvaða fána vjer viljum hafa, nje heldur um rjettinn til fiskiveiða í landhelgi vorri, eða um það, hvort vjer getum tekið að oss *strandvarnirnar*, hafa *íslenzka konsúla* erlendis o. fl., sbr. fyrgreinda þingsályktunartillögu.

Að því er alt þetta snertir, höfum vjer viðurkenningar af hálfu Dana, eður og loforð eða skuldbindingar þeirra.

Tjáir því og eigi, að skoða það, sem tilslakanir af þeirra hálfu, þótt þeir játi það að nýju rjett vorn vera, sem þeir hafa sjálfir — sbr. stöðulögin frá 2. janúar 1871 — sagt íslenzka löggjafarvaldinu *einu* vera viðkomandi.

Áður var sú venja, að íslenzk og dönsk löggjöf fylgdust að, þ. e. Dönnum veitti auðvelt að koma því svo fyrir, meðan er Íslandsráðherrann var sami maðurinn, sem og var dómsmálaráðherra Dana, að Dönnum væri trygt jafnrjetti við Íslendinga, að því er kemur til fiskiveiða í landhelgi o. fl.

En það þarf Dönnum að skiljast, að þetta stendur eigi lengur en íslenzka löggjafarvaldið vill svo vera láta, — getur svipt þá atvinnu-jafnrjettinu, er svo sýnist.

Þann rjett sinn byggir ísl. löggjafar-

valdið þá á skýlausum viðurkenningum sjálfra þeirra, og þarf því sízt til þeirra að sækja.

Því hefur verið slegið fram, bæði hjer í þingsalnum og í einu blaði hjer í bæn-um, að nú væru stöðulögin orðin *hjálp-arellan*, — slegið fram, til þess að draga úr þýðingu fyrgreindrar þingsályktunartillögu, og því í blekkjandi skyni, hvað þjóðina snertir.

Hjer er þá reynt að hagnýta sjer það, og nota til blekkingar, að Íslendingar hafa þrásinnis mótmælt því, að stöðulögin væru tilorðin á löglegan hátt, þ. e. neitað því, að danska löggjafarvaldið hafi haft heimild til þess að ákveða stjórnskipulega stöðu Íslands: en hinu hafa Íslendingar á hinn bóginn alls eigi neitað, nje getað, eða viljað neita, að í stöðulögunum felast tilboð, og viðurkenningar frá danska löggjafarvaldsins hálfu.

En það er nú einmitt það, sem almenn- ing þarf að dylja, að meiningin er, að fara nú að semja um ýms þeirra atriða, sem engra samninga þarf, — málefni þegar viðurkend ísl. sjermál, sbr. fáninn, strandvarnirnar, fiskiveiðarjetturinn í landhelgi vorri o. fl.

Metið svo sem tilslakanir af Dana hálfu, ef vjer fáum nú veittan einhvern part þess, sem danska löggjafarvaldið hefur áður að fullu og öllu viðurkent rjett vorn að vera.

Fyrst er því að gera Dönum það ljóst, hvað þeir hafa viðurkent sem rjett vorn, og vita síðan, hvað þeir segja um hin atriðin, er þjóðarsjálfsæði vort varða.

Þá er önnur spurningin, sem hjá oss hlýtur að vakna. Er tíminn nú hentugur til þess að leita samninga? Er hann hentugur til þess, að fá kröfum vorum fram- gengt?

Mjer virðist hann óheppilegur, hvort sem litið er til Dana, eða til Íslendinga.

Þegar jeg lit til íslenzku þjóðarinnar, þá lit jeg svo á, sem hún hafi alls cigi

vænzt þess, að byrjað yrði nú á samninga- umleitunum, að því er til sambandsmáls- ins kemur. Byggi jeg það á því, sem gerðist á undan kosningunum á síðastliðnu hausti, þar sem látið var þá í veðri vaka, og það þá eigi hvað sízt af heimastjórnar- mönnunum, að sambandsmálinu ætluðu þeir alls ekki að hreyfa, — þorðu og eigi (þ. e. heimastjórnarmennirnir), að ganga til kosninganna á annan hátt.

En hvað skeður svo — að kosningun- um um garð gengnum?

Þegar komið er rjett fram undir vor, þá er alt í einu farið að þrjedika það fyrir þjóðinni, hvað hún sje orðin afskaplega þreytt, og hvað friðurinn sje góður og nauð- synlegur.

Hjer er þá farið á stað á þann hátt, að otað er fram hinu góða, hvildinni í frið- um.

Með öðrum orðum: Reynt er að beita þjóðina undirferlistaki, til þess að geta þá betur komið fram hinu illa, — þ. e. fá hana til að gefast upp í þjóðarsjálfs- stæðisbaráttunni.

Eins og kunnugt er, hafði þreytutalið — sem alls ekkert átti vitanlega við að styðjast — og þó fremur ringulreiðin, sem komin var við „bræðinginn“, þau áhrif, að þingmálafundirnir, á undan aukaping- inu, voru alveg óvanalega illa sóttir, og því alls ekkert á þeim að byggja, að því er til vilja þjóðarinnar í sjálfstæðismálinu kemur.

En sje nú svo, sem „bræðingsmenn“ hafa látið í veðri vaka, að þjóðin sje orð- in dauðþreytt og ljemagna, er það þá sá, sem þreyttur eða uppgefinn er, sem út á bardaga á að leggja?

Er það hann, sem sigursins á von?

Nei! það er hinn óþreytti, einarði, á- hugamikli, sem í bardagann á að leggja. Það er hann, sem sigursins getur vænzt.

Frá sjónarmiði þjóðarinnar er tíminn því alt annað en hentugur, væri þreytu- talið á rökum bygt, eða væri það annað

en það, sem varpað er fram til þess að gera þá tortryggilega, sem þjóðarsjálfstæðis-kröfunum vilja fylgja fram, — láta lita svo út, sem þeir sjeu óróa- eða ófriðarseggir, sem sít sje mark á takandi.

En slíkar blekki-tilraunir ættu að hafa algagnstæð áhrif því, sem til er ætlað.

Skiftir nú og mestu, að þjóðinni verði það sem allra fyrst ljóst, hver rjettur hennar er, — *bæði* sá, er þegar er viðurkendur af danska löggjafarvaldinu, þótt efndirnar hafi æ viljað verða svona og svona, og hinn rjetturinn, siðferðilegi rjetturinn til fulls þjóðarsjálfstæðis, sem ekkert þjóðerni verður nokkru sinni rjettilega svipt, nje getur siðferðilega rjettilega afsalað sjer.

Tíminn því — frá þjóðarinnar sjónarmiði — sem stendur alt annað en heppilegur, að því er til samningaumleitana við Dani kemur. —

En sje nú þessu næst á það litið, hvort samningatíminn er hentugur, þegar rent er augunum til Dana, fæ jeg og eigi betur sjeð, en að sama verði niðurstaðan — þ. e. að tíminn sjo afaróheppilega valinn.

Tíminn afar-ósigurvænlegur.

Eða hvernig höfum vjer Íslendingar búið í haginn fyrir oss í því efni?

Í „millilandanefndinni“ stóð jeg, sem kunnugt er, uppi einn míns liðs af íslenzku nefndarmönnum, og því siður en svo, að Dönum gæti geigur af staðið, enda mjer og, í þeirra eyru, litlum sigri spáð þá, af samnefndarmönnum mínum.

Í því efni varð nú að vísu raunin öll önnur við kosningarnar 1908.

En þó að meiri hluti alþingis 1909 tæki rögg samlega í sama strenginn, þá var framkoma ráðherra, sem þá var (hr. Björns Jónssonar) alt annað en heppileg, og á alt annan veg, en sjálfstæðisflokkurinn mundi þá kosið hafa, — framkoman hvorki einlæg nje einarðleg, en oss og fleirum sannnefnt sorgarefni, og mundi þó fremur verið

hafa, ef eigi hefði sýnileg vanheilsa hans miklu um ráðið.

Þá komu nú og kosningarnar á siðastliðnu hausti — þótt þá væri því að vísu hátiðlega neitað af „heimastjórnarmönnum“, að þær snerust um sambandsmálið, eða gætu, eða ættu á nokkurn hátt að gera það —, og siðast kemur „bræðingurinn“ og preytutalið til sögunnar.

Getur nú nokkur imyndað sjer, að þetta alt leiði til þess, að Danir verði stórtækir, er samninga verður nú leitað?

Nei, það er öðru nær, en svo sje.

Það, sem nú ætti því í svipinn að liggja eitt fyrir, þar sem þjóðin, eða rjettara sagt meiri hluti fulltrúa hennar fást eigi til þess að fylgja fram sjálfstæðiskröfunum, eins og gert var á alþingi 1909, og að nokkru leyti og á þinginu 1911, þótt þá væri valin þingsályktunarleiðin, það er því, að nota nú tímenn til að gera íslenzku þjóðinni, sem og dönsku þjóðinni og þá og jafnframt öðrum þjóðum málið sem ljósast.

Í þessu efni þarf þá og þjóð vorri að verða það sem allra ljósast, — að afarafskaplega miklum mun ljósara, en enn virðist orðið —, að hún hefur, að því er til þjóðarsjálfstæðismálsins kemur, skyldum að gegna:

a, *sjálfrar sín vegna*,

b, *ennfremur annara þjóðerna vegna*.

Að því er fyrri atriðið snertir, þ. e. að *skyldur hvíli á henni*, sjálfrar hennar vegna, má þjóð vorri eigi gleymast það, að þjóðarsjálfstæðið er henni, sem og hverri þjóð annari, skilyrði þess, að neytt geti krafta sinna sem þjóðerni, sem og skilyrði þess, að hver einstaklingur þjóðernisins geti það.

Óneitanlega er og hverju þjóðerni, sem og hverjum einstaklingi, einatt þyðingun þess, að vera sjer þess meðvitandi, að vera að berjast fyrir þjóðarsjálfstæðinu, sem og yfirleitt fyrir hverju góðu eða há-

leitu málefni sem er, — gerir hana eða viðkomanda að mun stærri og meiri í augum sjálfs sín, sem og í annara augum.

Löngunin í þjóðarsjálfstæðið hefur því einnig sína þýðingu að því leyti, — að knýja fram *persónu-sjálfstæðið*.

En jafnframt því knýr baráttan þá og fram metnaðinn, þ. e. dugnaðinn í hvi-vetna, — löngunina til þess, að geta æ verið við fleira og fleira gott riðinn, látið æ meira og meira gott og gagnlegt af sjer leiða.

Hringlið, þ. e. „bræðingurinn“, og þá eigi síður þreyturalið, sem nú er hvort-tveggja efst á baugi, hefur á hinn bóginn lamandi áhrif, og gerir menn þá og áhuga- og úrræðaminni að öðru leyti.

Sýnishorn þessa var þá og þegar deyfð-armókið og áhugaleysið, sem einkendi þing-málafundina nú á undan aukapinginu.

Að því er til þess kemur, er jeg gat fyr, að þjóð vor *hefði og skyldum að gegna*, að því er til þjóðarsjálfstæðismáls-ins kemur, *annara þjóðerna vegna*, þá þarf eigi að lýsa því, hvert tap alheildinni, þ. e. öllum þjóðernum jarðarinnar í sam-einingu, getur verið að því, að hvert þjóð-erni, smátt eða stórt, — sem og hver ein-staklingur hvers þeirra — fái ekki neytt krafta sinna sem fyllst.

Það er því *rjettur* allra þjóðerna, að hvert einstakt þeirra láti sjer æ sem allra annast um þjóðarsjálfstæði sitt, — eins og það einnig er þá *síðfræðilegur* rjettur þess, að önnur þjóðerni láti eigi á þjóðar-sjálfstæðisrjett þess ganga.

Að þjóðerni jarðarinnar hafa til þessa litt, og tíðast alls eigi, gætt skyldu sinnar, en farið jafnvel og fara enn í dag ófugu leiðina, vitum vjer allir.

En það bætir eigi úr skák, nje gerir síð-fræðilega sannleikann í þessu efni — og honum fær enginn mótmælt — að ósann-leik.

Af ástæðum þeim, er nú hafa greiðar

verið, verð jeg að ráða til þess, að þings-ályktunartillagan sje feld.

Jeg veit að visu, að orð mín eru að þessu leyti sem rödd hrópandans í eyði-mörkinni, en vonandi kemur þó sá tíminn, er þjóðin vaknar, og lætur sjer betur en nú skiljast það takmark hennar og allra þjóða, að fá — alóhindruð af er-lendu valdi — fulls þjóðarsjálfstæðis not-ið. —

Bjarni Jónsson: Það tel jeg mestu varða, að gera sjer ljóst, hvers konar sam-band menn vilja láta sjer lynda milli Ís-lands og Danmerkur. En þar næst verður að ihuga með hverju móti því verði helzt náð.

Nú tel jeg vist, að enginn Íslendingur vilji una neinu því sambandi, sem veitir eigi Íslandi fult jafnrjetti við hina sambands-þjóðina. Og er þá á það að líta, milli hverra sambanda getur verið að velja. Sum sambönd eru svo, að fullveldið er hjá hverri þjóðinni um sig, en önnur sambönd svo, að það er hjá sambandinu sjálfu eða sambandsstjórninni. En fullveldið er, svo sem menn vita, full og óskoruð umráð yfir utanríkismálum og hermálum, *jus legati-onum*, sendiherrarjettur, *jus foederum et tractatum*, samninga- og sáttmálarjettur, og *jus belli ac pacis*, ákvæðisrjettur um stríð og frið.

Þessi sambönd eru:

1. konungssamband, (*personalunion*). Þar eru ríkin í sambandinu fullvalda, svo að annað þeirra gæti jafnvel verið í ófriði, þótt hin væru í friði. Þessa sambands eru mörg dæmi: Prússland og Neuenburg 1707—1857; Níðurlöndin og Luxemburg 1815—1890; Belgia og Kongoríkið 1885—1908; og eftir skoðun Austmanna Noreg-ur og Svíþjóð allar götur frá 1814—1905.

2. Ríkjasamband (*Staatenbund*). Þar eru ríkin í sambandinu fullvalda með sama hætti og í konungssambandinu, en sam-bandið getur þó verið málsaðili gegn öðr-

um ríkjum í sumum málum. Dæmi er Þýzka ríkjasambandið (Der Deutsche Bund) 1815—1866.

3. Sambandsríki (Bundesstaat). Þar er fullveldið í höndum sambandsins, þótt stundum sje ríkjum þeim, sem í sambandinu eru, fengin takmörkuð völd yfir sumum fullveldismálunum. Dæmi er; Sviss eftir stjórnarskránni frá 29. maí 1874; Bandaríkin í Vesturheimi eftir stjórnarskrá frá 17. september 1787; Þýzka ríkið eftir 1866, en þar hafa hin einstöku ríki sendiherrarjett og sáttmálarjett takmarkaðan: ennfremur Mexíko frá 1857; Argentína frá 1860; Brasilía frá 1891; Venezuéla frá 1893.

4. Málefna-samband (*Realunion*). Þar er grundvallarreglan sú, að fullveldismálin eru að öllu leyti í höndum sambandsins, þ. e. a. s. hermál og utanríkismál. Þá er stundum svo fyrir komið, að hin einstöku ríki hafa rjett til að gera verzlunarsamninga, sända til annara ríkja ræðismenn (consules; viðskiftaerindrekar), svo sem er hjá Austurríki og Ungverjalandi síðan 1867.

Þessi sambönd eru öll jafnrjettissambönd, og mætti vel una við hvert þeirra sem væri þess vegna, að Ísland yrði ekki undirlægja bandamanns síns, nema önnur rök renni til. Er því nú á að líta, hvert þeirra væri bezt fyrir Ísland og Danmörk, og hverju þeirra mundi auðveldast að ná.

Jeg byrja þá á hinu síðasta, málefna-sambandinu, af því að sumir bræðingsmenn hafa sagt, að þeir vildu ná málefna-sambandi með tillögum sínum. Það er nú raunar rangt, því að herra mundu aldrei tillögur þeirra hossa Íslandi, en að það hengi í því að vera það *hálfriki* (Halbstaat), sem hefði minst vald allra hálfriksja veraldarinnar. — En setjum nú svo, að vjer vildum ná málefna-sambandi við Dani, hvernig mundi það endast og hversu auðfengið mundi það?

Ef þeir vildu ganga í jafnrætt málefna-samband við oss, þá yrðu þeir fyrst að afsala sjer fullveldi sínu, sem þeir hafa, og

fá það í hendur sambandinu „Ísland — Danmörk“. Mun öllum þegar ljóst, að það mundu þeir aldrei vilja gera, heldur velja miklu fremur það sambandið, sem ekki sviftir þá neinu, þ. e. konungssambandið. Þetta verður þó ennþá skýrara, ef menn hugleiða með hverjum hætti þetta samband yrði milli svo misstórra þjóða. Sambandsstjórnin, eða stjórn hinna sameginlegu mála, þ. e. fullveldismálanna, yrði að vera í vorum höndum að helmingi, ef vjer ættum að ná jafnrjetti. En það mundi koma óþol-anlega ranglátt niður á Dönum, svo sem fljótsjeð er af því, að vjer hefðum þá hálf yfirráð yfir flota þeirra og her, sem vjer leggjum ekkert sje, og fl. þess háttar. Slikt væri svo rangsleitíð við þá, að þeir mundu aldrei að því ganga og að vjer gætum ekki einu sinni farið fram á það. — Þá er hinn máttuleikinn, að vjer hefðum stjórn sambandsmálanna að tiltölu við fólksfjölda. En þá væri rjettur Íslands fyllilega fyrir borð borinn. Því að þá hefðum vjer aldrei meira en eitt atkvæði gegn þrjátíu. Jafnrjettið í málefna-sambandinu er því draumur og hugarburður, þar sem svo misstórar þjóðir eiga hlut að máli. Þessi vegur er því alsendis ófær.

Sömu annmarkar væru á því, að sameina ríkið Ísland og ríkið Danmörku í eitt sambandsríki. Því að þar eru fullveldismálin og í höndum sambandsstjórnarinnar.

Þá eru eftir hin samböndin, þar sem hin einstöku ríki hafa fullveldi. Hjer á landi hefur mikið verið rætt um konungssambandið, því að alt frá Þingvallafundinum 1907 hefur krafan um það verið stefna þjóðarinnar og þeirra manna, sem voru í meirihluta á þingunum 1909 og 1911. Þetta er og í fullu samræmi við þann rjett, sem vjer eigum og höfum jafnan átt að rjettum lögum eftir sögunnar dómi. Hafa þar engir á móti mælt nema þeir einir, sem lítt eru merkir og fáum kunnir, enda óþarft að eiga orðastað við þá. Og auk þess er þetta háð langbezta samband fyrir svo mis-

stórar þjóðir, sem hjer er um að ræða. Mætti það helzt koma Íslendingum og Dönum að liði, því að þá gæli hvor þjóðin um sig notið sín, og þeim mætti báðum sama eftir málavöxtum, að gera slíkt samband. Vjer ljetum eigi fullveldisrjett vorn fyrir neitt nje verzludum með hann, og Dönum væri hin mesta sæmd í því, ef þeir brytu svo odd af oflæti sínu, að þeir ljetu oss ná skýlausum rjetti vorum.

Þetta mál er áður margrætt og er því eigi þörf að fjölyrða um það, enda sje jeg, að menn gerast ópolinmóðir og vilja síður hlýða á þau skýlaus rök, sem sýna málstað núverandi meiri hluta í allri sinni nekt, Jeg læt mjer því nægja að visa til þess, sem áður hefur verið sagt um þetta mál. Og því fremur má jeg vera fáorður hjer um, að engin rökrjett mótmæli hafa komið fram gegn því, að þetta sje hið eina samband, sem þjóðum þessum getur orðið báðum til gagns og sóma. Enda er fásinna, að vilja neita þeim eðlilegu orsökum, sem jeg taldi áður í ræðu minni til þess, að ekkert annað samband gæti verið um að tala en konungssambandið.

Menn vita það, að Danir neituðu að taka frumvarp alþingis 1909 til meðferðar. Var það brigðmælgj af þeim, því að svo var frá upphafi til ætlazt, að það gengi milli þinganna, þar til er samkomulag næðist. En þótt þeim færi eigi betur en hjer var sagt, þá samþykkti þó þingið 1911 þingsályktun um að skora á stjórnina, að koma því til leiðar, að Danir tækju til umræðu frumvarp þingsins 1909. Mjer er kunnugt um, að stjórnin gerði sjer far um þetta; árangurinn varð enginn af því.

Þar af má ráða, að Dönum er eigi enn í hug að samþykkja það samband, sem Íslendingar krefjast, hið eina, sem vjer getum gengið að með óskertum þjóðarheiðri. Hins vegar gengum vjer svo langt til samkomulags 1909, sem fært var. Liggur því í augum uppi, að slík þingsályktunartillaga er óþörf og út í bláinn. Vilji þingið gera

nokkuð, þá á það að krefjast þess af stjórninni, að hún reyni að fá samþykki Dana til þess, sem meirihlutafrv. 1909 fór fram á, að hún láti þá vita það skýrt og skorinort, að Íslendingar vilji ekki semja á neinum öðrum grundvelli, og muni aldrei verzla svo með þjóðrjettindi sín, að þeir láti höfuðatriði hans gegn því, að Danir viðurkenni nokkur aukaatriði þess sama rjettar; þar sem við eigum hann þó fullan og óskertan og í öllum atriðum.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, með hverju móti verði náð þeim samningum, sem vjer viljum hlíta. Vegurinn er ekki að hvarfla úr einu í annað, heldur hitt, að halda einarðlega og óhikað fram rjettum málstað vorum, þar til er sigur fæst, hvort sem þess verður langt eða skamt að biða. Er því engi þörf á slíkum ályktunum nú, enda eigum vjer ærinn starfa innanlands. Vjer eigum það óunnið ennþá, að Íslendingar verði allir á eitt sáttir um að fylgja með afli kröfum Þingvallafundarins og þingsins 1909 og 1911. Jeg vona, að þess verði eigi langt að biða, að þeir menn, er stóðu þá á öndverðum meiði, fallist á mál mitt og þeirra góðra manna, sem fylla þann flokk. Þegar svo er komið, má gera slíka tillögu, sem hjer er farið fram á.

En sje það gert nú, eða nokkur önnur leið farin en sú, er jeg nefndi fyr, þá veikir það málstað vorn og minkar sigurvonir vorar. Með því væri Dönum gefið í skyn, að þjóðin hefði breytt skoðun sinni, er kom svo bert fram í kosningunum 1908. En það hefur hún eigi gert, og er enginn flugufótur til, að halda því fram, því að engar kosningar hafa farið hjer fram um þetta mál síðan 1908. En mjög mundi það spilla fyrir oss, ef Danir hefðu ástæðu til að halda, að þjóðin vildi selja rjett sinn og una nokkru því sambandi, sem væri eigi jafnrjettissamband.

Jeg er því algerlega mótfallinn tillögunni, nema því aðeins, að við hana yrði bætt: *á grundvelli Þingvallafundarins 1907.*

Benedikt Sveinsson: Öllum hljóta að vera í fersku minni afdrifin, sem þetta mál fjekk hjá þjóðinni, þegar það var borið undir hennar atkvæði árið 1908, hversu sjálfstæðismenn báru þá sigur úr býtum og samþykktu veturinn eftir vantraustsyfirlýsingu á ráðherra með 25 atkvæðum þjóðkjörinna manna fyrir frammistöðu hans í þessu máli.

Það er afar-einkennilegt að sjá ýmsa af sömu mönnunum vera nú að fela þessum sama manni að fara að garfa í sama málinu, sem þeir fordæmdu hann fyrir 1909! Væri fróðlegt að fá skýringar á þeim miklu og snöggu stakkaskiftum. Mönnum eru ekki úr minni liðnar allar þær fordæmingar, sem maklega dundu á frumvarpinu 1908, ekki minst hjer í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þá var ekki margt í því eftirsóknarvert. Nú þykir þjóta annan veg í þeim skjá. — En hvað er frumvarpið nú betra en það var 1908? Þá þótti það ekki heilavænlegt fyrir íslenzku þjóðina, að leggja utanríkismál og hermál undir danskt ríkisvald um aldur og æfi, nje að láta gerðardóm með þremur Dönum og tveim Íslendingum skera úr, hvað væru sjermál Íslands. Ekki voru menn heldur neitt hrifnir af því að veita Dönum jafnrjetti við landsmenn um fiskiveiðar í landhelgi, þótt það væri að nafninu til uppsegjanlegt mál. Það atriði var eins og fleiri í frumvarpinu blekkingin einber, því að uppsögnin var því skilyrði bundin, að Íslendingar tæku að sjer landhelgisvörnina með leyfi Dana. En það hefði þeim verið ómögulegt, samkvæmt þeim skýringum ráðherra og annara heima-stjórnarmanna, að engin þjóð geti haft landhelgisvörn á hendi, nema hún hafi viðurkendan her.

Hvað getur rjettlætt þennan greipilega snúning sjálfstæðissvikaranna? Það ætti kannske að vera þessi nji bræðingsráðherra, sem þeir vilja nú láta Ísland kosta suður í Kaupmannahöfn. En það er vist óhætt um það, að sá maður yrði, eins og

einn af frumherjum bræðingsins sagði á fundi í vetur,; „*valdalaus og áhrifalaus áheyrandi*“, sem að engu haldi kæmi þjóðvorri. Hann mætti sin einskis gagnvart Dönum. Hilt er annað mál, að hann kynni með tímanum að geta náð undir sig valdi stjórnarinnar hjeðan að heiman, dregið valdið út úr landinu — og hefur það kannske vakað fyrir þeim herrum, sem hjer á árunum börðust mest fyrir *Hafnarstjórninni!* Þeir væru þá að hallast að sinni fyrri loflegu stefnu, Hafnarstjórnarstefnunni!

Heimastjórnarmenn hafa sífeldlega látið það klingja síðan 1909, að nú væri búið að „spilla fyrir málinu“. Það er því mjög einkennilegt, að þeir skuli þá vera að fitja upp á þessu máli nú, þegar aðstaðan, að sjálfra þeirra sögn, er verri en áður. — Varla bætir það aðstöðuna, að hinn lofsæli konungur er fallinn frá, sem vildi unna Íslendingum jafnrjettis, og sjálfur kallaði hann Ísland *ríki*, þegar hann heim-sótti þjóðina.

Hversvegna er verið að flana að þessu máli nú? Hverjar eru ástæðurnar? — Það þýðir ekkert, að vera að vitna til þjóðarviljans og skirskota til þingmálafrunda. Þetta er beinlinis gert á bak við þjóðina, því að hún hefur ekki dæmt um sambandsmálið síðan í þingkosningunum 1908, og með vantraustsyfirlýsingunni á hendur ráðherra, og þar við stendur af þjóðarinnar hálfu. Kosningarnar í haust snerust um alt annað: Fyrst og fremst um stjórnarskrármálið, sem sjálfstæðismenn hjetu kjósendum sinum að leiða til lykta á þessu þingi. En þeir háu herrar hafa *svikið* kjósendur, sem gerðust svo tryggir að trúa þessum svikum. Þá var *silfurbergið* notað óspart við kosningarnar, og reynt að gera það að gifurlegu stórmáli. Moldviðrið, sem þá rauk upp, hefur vafalaust haft nokkur áhrif á kosningarnar víðar en hjer í Reykjavík. Loks má minnast á *fjeglæfrakeningarnar*, sem blessaður biskupinn var að básúna fyrir

kosningarnar. Honum fanst, að enga mætti kjósa til þings nema ríkisbubba; hitt virtist engu varða, hvernig auðsins væri aflað, þótt „standsmennirnir“ væru þjófar eða þess konar heiðursmenn, gerði ekkert, bara að þeir væru ekki efnalitlir! — Með þessum og þvílíkum kenningum var alþýðunni leiðbeint fyrir kosningarnar síðastliðið haust.

Nú á að fara að telja þjóðinni trú um það, að hún sje sjálf að óska eftir því, að frumvarpsdraugurinn sje vakinn upp úr gröf sinni. Hvilik herfileg fjarstæða. Þjóðin hefur einmitt sýnt það í vor, síðan bræðingurinn birtist, að hún ber óhug til þessa máls, og kjósendur hafa ekki virt þingmenn þess, að sækja fundi þeirra. Það er hreint og beint hlægilegt, að vera að tala um óskir þjóðarinnar, sem komið hafi fram í þessu máli á þingmálafundum. Hvernig eru þeir fundir? Í einu helzta kaupþúni á Vesturlandi komu 5 menn á fund; þrír þeirra eru með bræðing og tveir á móti. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fjölmennasta kjördæmi utan Reykjavíkur, fást einir 15 menn (í Hafnarfirði) til að samþykkja bræðingstillögu þingmannsins eftir mikið sarg. Og þessir 15 menn eru vist flestir komnir á rjettan kjöl aftur. Svona er nú veigamikili fylgið meðal þjóðarinnar, sem verið er að vitna til.

Þetta mál er boðað undir yfirskyni *friðarins*, þótt þjóðinni sje hjer einmitt boðinn hinn versti *ófriður*. Það er sannarlega ekki friðvænlegt, að fara að hefja nýjar deilur um þetta viðkvæmasta mál þjóðarinnar, með þeirri aðferð, sem höfð er í frammi. Hjer verður endurtekinn sami leikurinn sem 1908! Eina vonin um framgang þessa máls, hlýtur að byggjast á blekkingum, þýðingarvillum eins og 1908, og alls konar ofríki við kjósendur. Gegn um þingið kemst það ekki nema með ofbeldi (Forseti: Jeg átel þessi orð hjá ræðumanni og tek af honum orðið, ef hann ekki gætir hófs). Jeg tala það, sem mjer

sýnist fyrir forseta, og þykir hart, ef jeg er sviftur málfrelsi, meðan jeg brýt ekki þingsköp. Hitt get jeg vel skilið, að þeim þyki klaksárt að heyra sannleikann, sem sjálfir voru viðriðnir blekkingarnar og tekstavillurnar, sem þjóðinni voru boðnar 1908.

En þótt þetta mál kynni að slysast í gegn um þingið, þá mundu augu þjóðarinnar opnast síðar og samningurinn verða „*upp-haf að endalausum deilum*“, eins og Ragnar Lundborg sagði 1908. Þjóðin lætur ekki bjóða sjer tómar blekkingar til langframa.

Þessi stóri flokkur, bræðingsflokkurinn, þykist nú eiga mikið undir sjer, „*þykist öllum fótum í jötu standa*“, eins og Gislir Súrsson sagði um Þorkel bróður sinn. Þorkell var þá bráðfeigur. Þætti mjer vera mega, að þessi rembiláti flokkur væri ekki ófeigari.

Lárus Bjarnason. Jeg get þakkað háttv. framsögumanni fyrir þá skýringu, sem hann að gefnu tilefni frá mjer gaf á orðalagi þingsályktunartillögunnar, að orðin „til nýrra samninga“ þýddu hið sama sem „samningar að nýju“.

Þannig orðuð bendir tillagan vafalaust til eldri samninga og þá eðlilega til samninganna 1908 eða að minsta kosti til grundvallarins, sem þeir voru byggðir á.

Þetta er væntanlega nægileg skýring á ógreinilegu orðalagi tillögunnar.

Jeg skal svo ekki lengja umræður frekar, hef ekki neina löngun til að fara að karpa við háttv. þingm. Norð-Þing.

En það vildi jeg aðeins taka fram, að eigi hæstv. ráðherra nokkrum sjerstaklega að þakka, að hann er nú aftur kominn í ráðherrastólinn, þá er það vissulega ekki sirt sjálfstæðismönnum. Meðferð þeirra á sambandsmálinu 1909 og núverandi ráðherra var ranglát, og nú er komið að upp-reistardögunum bæði fyrir málið og hann.

Var síðan gengið til atkvæða og tillagan

samþykkt með 31 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

Já.

Nei.

Jóh. Jóhannesson,	Benedikt Sveins.,
Sigurður Stefánsson,	Bjarni Jónsson,
Ágúst Flygenring,	Sigurður Eggerz,
Eggert Pálsson,	Sk. Thóróddsen,
Einar Jónss. 1. þm. Rang.	Þorleifur Jónss.
Einar Jónss. 2. N.-Múl.,	
Eiríkur Briem,	
Guðjón Guðlaugss.,	
Guðl. Guðmundss.,	
Halldór Steinsson,	
Hannes Hafstein,	
Jens Pálsson,	
Jón Jónatansson,	
Jón Jónss., 2 þm. Rvík.,	
Jón Ólafsson,	
Jósef Björnsson,	
Julius Havsteen,	
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Andrjesson,	
Matthías Ólafsson,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Sigurðsson,	
Steingrímur Jónsson,	
Stef. Stef., 5. kgk.,	
Stef. Stef., 1. þm. Eyf.,	
Tryggvi Bjarnason,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórarinn Jónsson,	

Björn Þorláksson og Kristján Jónsson greiddu eigi atkv. og voru taldir með meiri hlutanum.

Þingslit.

Ráðherra hafði ákveðið að slíta þingi mánudaginn hinn 26. ágúst, og var 8. fundur sameinaðs þings haldinn þann dag.

Forseti skýrði frá störfum þingsins á þessa leið:

Alþingi 1912

hefur haft þessi mál til meðferðar:

A. Frumvörp

1. Stjórnarfrumvörp:

a. afgreidd sem lög	7
b. feld	4
c. ekki útrædd	4
	<hr/> 15

2. Þingmannafrumvörp:

a. afgreidd sem lög	20
b. feld	15
c. ekki útrædd	19
	<hr/> 54

B. Þingsályktanir:

1. samþ. og afgr. til ráðh.	15
2. samþ. en ekki afgr. til ráðh.	3
3. feldar	7
4. teknar aftur	2
5. ekki útræddar	4
	<hr/> 31

C. Fyrirspurnir bornar upp

D. Rökstuddar dagskrár bornar

undir atkvæði 11

Að lokum ávarpaði forseti þingið á þessu leið:

Að visu hefur þetta aukaping verið haldið vegna þess, að stjórnarskrárfrumvarp var samþykkt á síðasta þingi. En aðalstarf þess hefur verið að finna leið til að útvega landssjóði tekjur í skarð þeirra, sem hann missir vegna aðflutningsbannsins á áfengi, enda eru þau lög, er að þessu marki stefna, ein helztu lögin, sem afgreidd eru frá þinginu að þessu sinni, sjerstaklega vörutollslögin; þá eru og lögin um lotteri, sem telja má eins konar happadrátt, ef á land kemur. Það verða samt eflaust misjafnir dómur um bæði þessi lög, en einum þýðingarmiklum lögum frá þinginu hygg jeg að muni verða yfirleitt vel tekið, á jeg þar við ritsíma- og talsímalögin.

Þá nefni jeg síðast, en ekki sízt þá ályktun þessa þings, að fela hæstvirtum ráðherra, að leita nýrra samninga um sambandsmálið. Það hafa orðið þau tíðindi á þessu þingi, að mikill þorri þingmanna hafa gjört samtök um að reyna að leiða þetta mál til lykta. Í sambandi þar við

kefur það orðið ofan á, að láta stjórnarskrármálið biða, þangað til sjest, hvort líkindi eru til, að samningar takist um samband milli landanna.

Þess óska jeg, og undir þá ósk vona jeg, að allir taki, hvern veg sem þeir vilja fara í sambandsmálinu, og hvernig sem þeir lita á það, — að þessu máli ljúki þannig, að farsælegt verði fyrir land og lýð.

Ráðherrann. Með því að sá tími, sem

ákveðinn var þessu aukþingi með konungsbrjefi frá 6. marz þ. á., er útrunninn, leyfi jeg mjer, að lýsa því yfir í nafni hans hátignar konungsins, að þessu 23. löggjafarþingi Íslendinga er slitid.

Sigurður Stefánsson. Lengi lifi hans hátigna konungur vor, Kristján hinn 10. —

Undir þá ósk tóku allir þingmenn með niföldu húrri.